MOSFELLINGUR

5. TBL. 24. ÁRG. FIMMTUDAGUR 1. MAÍ 2025 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Sumardagurinn fyrsti haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ • Skátarnir með dagskrá

GLEÐILEGT SUMAR

Mosfellingar tóku sumrinu fagnandi fimmtudaginn 24. apríl. Skátafélagið Mosverjar leiddi skrúðgöngu og Skólahljómsveitin spilaði fyrir gesti og gangandi að Varmá. Hægt var að fara í ýmsa leiki, hoppukastala og kassaklifur eins og venja er.

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



Spóahöfði 22 - Glæsileg eign

Glæsilegt 357,0 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og bílskúr á jaðarlóð við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Glæsilegt útsýni er frá eigninni. Afgirt lóð með skjólveggjum. Stórar timburverandir með heitum potti.

V. 260 m.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNIÐ!



MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg inn í sumarið

redder
Byggingalausnir
Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is

MOSFELLSBAKARÍ

ÞÚ FÆRÐ LJÚFFENG SÚRDEIGSBRAUÐ HJÁ OKKUR!





Mosfellingurinn Málfríður Bjarnadóttir deildarstjóri við Helgafellsskóla

Allir nemendur leggja sitt af mörkum »22

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

BÍLALEIGA Á STAÐNUM
CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*

Ritstjórn:
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 5. JÚNÍ

Ógild íbúakosning?



Lýðræðisverkefnið Okkar Mosó hefur þrisvar farið fram hér í Mosfellsbæ. Ég hef verið mikill talsmaður verkefnisins enda jákvætt að leyfa íbúum að kjósa um verkefni á vegum bæjarfélagsins. Þetta fær fólk til að hugsa um hvað megi betur fara í nærumhverfinu og oftar en ekki koma fram skemmtilegar hugmyndir til framkvæmda.

Síðast var kosið 2021 og gekk kosning vel og talað var um Íslandsmet í kosningu og fleira í þeim dúr þar sem yfir 20% Mosfellinga kusu. Þó bólar ekkert á að aðal verkefnin séu framkvæmd. Sérstakt fagteymi hafði þó kostnaðargreint útfærslurnar áður en farið var af stað. Dýrustu hugmyndirnar sem fengu kosningu voru minigolfvöllur í Ævintýragarð og baðaðstaða við Hafravatn. Fleiri verkefni hafa fengið miður góða útreið. Af hverju er verið að láta fólk kjósa um eitthvað sem aldrei verður? Þetta er alls ekki til þess fallið að auka áhuga fólks á kosningum almennt. Við getum gert svo miklu betur.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

GLEÐILEGT SUMAR!

Ýmsir vorboðar eru að skjóta upp kollinum á torgum Mosfellsbæjar og víðar um bæinn. Blómaker og skreytingar setja fallegan svip svo eftir er tekið. Garðyrkjudeild bæjarins á hrós skilið fyrir störf sín, sem gera bæinn okkar fallegri.





DÆMI UM SKREYTINGAR Á BÆJARHÁTÍÐ



2020

HEIÐA OG INGIBJÖRG ÚR GARÐYRKJUDEILD MOSFELLSBÆJAR

BÆRINN AÐ LIFNA VIÐ

Erfiður vetur að baki • Kórónufaraldurinn á undanhaldi • Bera sig allir vel?

Myndir/hmr

Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN









Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið
ótakmarkað gagnamagn
langbesta verðið
fyrir námsmenn

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur Benediktsson
Lögg. fasteignasali

BRÚARFLJÓT - GEYMSLUHÚSNÆÐI



Nýleg og vönduð 25,6 m2 - 51,2 m2 geymsluhúsnæði á afgirtu svæði við Brúarfljót 6-28. Hiti og rafmagn er sameiginlegt. Sameiginlegt salerni er á svæðinu.
Engin VSK-kvöð.

V. 12,9 – 26,9 m.



LAXATUNGA 139

Fallegt 239,5 m2, einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Fallegur bakgarður með timburverönd með heitum potti í suðurátt. Steypt bílaplan með snjóbræðslu. Vel staðsett eign í hverfinu með fallegt útsýni.

V. 179,9 m.



FELLSÁS 10

Talsvert endurnýjað 312,3 m2 einbýlishús með tveimur auka íbúðum og bílskúr á eignarlóð við Fellsás 10 í Mosfellsbæ. Möguleiki á góðum leigutekjum. Auka íbúðirnar eru 2-3 herbergja.

V. 175 m.



FURUBYGGÐ 34

Bjart og fallegt 5 herbergja raðhús með innbyggðum bílskúr. Eignin er skráð 164,7 m2, þar af íbúð 138,0 m2 og bílskúr 26,7 m2. Þá er risloft sem ekki er inni í fermetratölu hússins. Frábært fjölskyldu hús í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ.

V. 125,9 m.



STÓRIKRIKI 46

Mjög fallegt 234,8 m2 raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög rúmgóð svefnherbergi og stofur. Svalir með fallegu útsýni. Bakgarður með tveimur timburveröndum, geymsluskúr og grasi. Steypt bílaplan og timburverönd í suðurátt.

V. 149 m.



BRATTHOLT 6A

Fallegt og vel skipulagt 131,5 m2, tveggja hæða endaraðhús. Efri hæð skiptist í forstofu, gang, stofu og eldhús, svefnherbergi og stiga niður á neðri hæð. Neðri hæð skiptist í hol, svefnherbergi, baðherbergi með þvottaaðstöðu og geymslu.

V. 89,9 m.



BJARKARHOLT 17

Falleg og vel skipulögð 68,1 m2, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi við miðbæ Mosfellsbæjar. Svalir í vesturátt með fallegu útsýni. Sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.


V. 61,9 m.



BLIKAHÖFÐI 7

Falleg og vel skipulögð 77,0 m2 3ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð (3.hæð). Vinsæll staður í Mosfellsbæ, mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt, en auk þess er golfvöllur og fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni.

V. 67,9 m.



LEIRVOGSTUNGA 41

Glæsilegt 214,5 m2, 5-6 herbergja einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Gólfhiti er í húsinu og innbyggð lýsing í flestum rýmum. Húsið var hannað með það í huga að hægt væri að gera auka íbúð í húsinu. Hellulögð verönd til suðurs og vesturs.

V. 169,9 m.



BJARKARHOLT 25

Mjög falleg og vel skipulögð 129,0 m2, 4ra herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á 3. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvennar svalir með svalalokunum. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 97,5 m.



URÐARHOLT 4

Falleg og vel skipulögð 49,3 m2, 2ja herbergja íbúð í litlu fjölbýlishúsi við. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi/þvottaherbergi. Björt og falleg tveggja herbergja íbúð í miðbæ Mosfellsbæjar.

V. 45,9 m.



VEFARASTRÆTI 18

Björt og mjög falleg 110,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með útgengi út á verönd (27 m2 sérafnotareitur) í suðurátt ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Gott skipulag, fallegar innréttingar frá Axis og innfelld lýsing hönnuð af Lumex.

V. 81,0 m.



REYKJAMELUR 14A

Nýlegt og mjög fallegt 150,0 m2 parhús á einni hæð með bílskúr. Mikil lofthæð, hljóðdúkur í alrými með innbyggðri lýsingu. Fallegar innréttingar frá Kvik. Frábær staðsetning innst í botnlanga.

V 129,9 m.



Börnin í Reykjadal fá flotta sumargjöf

Í Reykjadal hafa verið starfræktar sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni í 62 ár. Sund og leikur hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfsemi sumarbúðanna og sundlaugin er ómissandi hluti af upplifuninni. Mörg barnanna fara oft á dag í laugina og það er alltaf jafn gaman. Sundlaugin þarf verulega á viðgerð að halda og voru landsmenn hvattir til að bjarga sumrinu með því að gefa sundferð í sérstakri söfnun sem sett var af stað. Fyrst var markmiðið að safna 7.194 sundferðum og tókst það strax á fyrstu dögunum. Draumamarkmiðið var hinsvegar sett á 14.388 sundferðir og hefur það markmið einnig náðst en þegar þetta er skrifað hafa safnast 15.400 sundferðir. Það er því ljóst að börnin í Reykjadal fá flotta sumargjöf frá vinum og velunnurum. Enn er hægt að leggja til framlög í gegnum síðuna www.sofnun.reykjadalur.is. Fyrsti hópur ungmenna mætir í lok maí og er von á 200 krökkum í sumar. Vonir standa til að sundlaugin verði klár fyrir þennan tíma.

Ráðin leikskólastjóri í Sumarhúsum

Berglind Robertson Grétarsdóttir hefur verið ráðin í stöðu leikskólastjóra í nýjum leikskóla í Helgafellshverfi. Stefnt er að því að leikskólinn Sumarhús taki til starfa í haust. Berglind er með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands. Hún stundar meistaranám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við Háskóla Íslands. Berglind hefur lokið endurmenntun í starfsþróun skólastjórnenda og stundað nám í stjórnunarfræði menntastofnana í Háskóla Íslands. Berglind býr yfir 20 ára farsælum ferli sem skólastjórnandi og hefur hún í störfum sínum öðlast víðtæka reynslu varðandi stjórnun leikskóla. Undanfarin tvö ár hefur Berglind starfað sem framkvæmdastjóri Tröppu ehf. sem býður upp á margvíslega sérfræðiráðgjöf til leik- og grunnskóla.



Dóri DNA og Steindi Jr. eru að taka upp nýtt lag um heimabæinn, Mosfellsbæ

Nýtt stemningslag að fæðast



DÓRI OG STEINDI Í STÚDÍÓI

Það er einhver undiralda í gangi í Mosfellsbænum núna. Við erum að spila í bestu deildum landsins nánast daglega og það er byrjað að vaxa hár á formanninn Geira Slæ," segir Steindi Jr.

„Það er allt að sjóða upp úr af stemningu, svo við ákváðum að henda í nýtt lag, tileinkað Mosfellsbæ og Aftureldingu... og Pizzabæ. Við Mosfellingar eigum nokkur geggjuð stuðningsmannalög og það var kominn tími til að bæta við flóruna.

Lagið kemur út á næstunni og munum við að sjálfsögðu frumflytja það í Mosó, henda í partý og rölta svo saman á leikinn."

Pizzabær, enn að skrifa söguna. Og tökum uppskriftina af kryddbrauðinu með í gröfina...

Lagið væntanlegt á næstu vikum

„Við munum hreinlega ekki eftir svona stemningu síðan við vorum um tvítugt, en þá kom einmitt Mosó út sem er spilað í hvert skipti sem Aftureldingu er að keppa, og við vildum bara hlaða í annað eins lag.

Grípa stemninguna, setja þetta dæmi í leiðslu. Og við erum líka bestir að rappa og hinir eru bara labbakútar. Þó við séum fertugir."

Ásgeir Orri gerir lagið með þeim Steinda Jr. og Dóra DNA og verður spennandi að heyra útkomuna. Lagið er væntanlegt á allra næstu vikum.

Lýðræðis- og samráðsverkefni um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda

Okkar Mosó verður Krakka Mosó

Menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar hefur samþykkt að leggja áherslu á þátttöku barna í verkefninu Okkar Mosó árið 2025 og fær verkefnið því nafnið Krakka Mosó að þessu sinni. Framkvæmdin á verkefninu í ár verður í samvinnu við skóla Mosfellsbæjar og ungmennaráð.

Krakka Mosó 2025 er lýðræðis- og samráðsverkefni krakka og Mosó um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda eða verkefna á þrem opnum svæðum í bænum. Svæðin eru Ævintýragarðurinn, Stekkjarflöt og svæði við Rituhöfða.

Hvatt verður til þess að hugmyndir tengist því að gera Mosfellsbæ betri, skapa eitthvað nýtt, efla hreyfingu krakka og hafa jákvæð áhrif á umhverfi krakka og annarra íbúa til útivistar og samveru, bættrar lýðheilsu eða aðstöðu til leikja- og skemmtunar.

Efla rödd barna og unglinga

Með verkefninu Krakka Mosó er lögð sérstök áhersla á að virkja nemendur á mið- og unglingastigi grunnskóla bæjarins í aðkomu að mótun framtíðar bæjarins.

Markmiðið er að efla rödd barna og unglinga og þátttöku þeirra þegar kemur að lýðræði og samfélagsmálum. Það er í samræmi við áherslur í verkefninu Barnvænt sveitarfélag, sem Mosfellsbær vinnur að innleiðingu á í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Verkefninu Barnvænu sveitarfélagi



er einmitt ætlað að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda þeirra og unnið samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allri ákvarðanatöku, stefnu og vinnu innan sveitarfélagsins.

Framkvæmd verkefnisins

Krakka Mosó fór af stað með kynningum fyrir nemendur í skólum 22.–23. apríl, þar sem fræðsla var veitt um lýðræði og þátttöku.

Eftir það fór fram hugmyndasöfnun í bekkjum skólanna þar sem nemendur fá tækifæri til að leggja fram þær hugmyndir sem þeir telja mikilvægar fyrir þrjú opin svæði í bænum.

Eftir úrvinnslu hugmynda verður farið í kynningu meðal nemenda á þeim tillögum sem fara til atkvæðagreiðslu. Kjördagur verður svo 20. maí, þar sem nemendur fá tækifæri til að greiða atkvæði um þær hugmyndir sem verða framkvæmdar.

Atkvæðagreiðslan fer fram á vandaðan hátt, þar sem tryggt verður að allir geti greitt atkvæði í leynilegri kosningu, og fulltrúar nemenda taka þátt í talningu atkvæða.

Fjármögnun og útfærsla

Samkvæmt fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 verður 20 milljónum króna úthlutað til að framkvæma þau verkefni sem krakkar og ungmenni í Mosfellsbæ leggja til eftir atkvæðagreiðslu í verkefninu Krakka Mosó.

Verkefnið verður útfært í nánu samstarfi við þá fjóra skóla í Mosfellsbæ sem eru með mið- og unglingastig, þ.e.a.s. Varmárskóla, Kvíslarskóla, Lágafellsskóla og Helgafellsskóla.

Markmið Krakka Mosó 2025 er ekki einungis að efla þátttöku barna og ungmenna, heldur einnig að gefa börnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvarðanatökuferlum sem varða bæjarfélagið þeirra og að þjálfa þau í lýðræðislegum vinnubrögðum. Áhersla verður lögð á að nemendur nýti eigin aðferðir til að leggja fram tillögur t.d. myndir, teikningar og fleira.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 4. maí
Heilunarguðþjónusta verður í Lágafellskirkju sunnudaginn 4. maí kl. 20.00. Sr. Guðlaug Helga þjónar. Vígdís Steinþórsdóttir leiðir hóp græðara sem veita persónulega heilun hverjum sem vill. Aðalheiður Þorsteinsdóttir organisti og Anna Sigríður Helgadóttir söngkona leiða fallega tónlist og söng á meðan heilunin fer fram.

Sunnudagur 11. maí
kl. 20.00 – Kvöldmessa. Lágafellskirkja
Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn þjónar. Vorboðarnir flytja ljúfa tóna.

Sunnudagur 18. maí
kl. 13.00 – Fjölskyldumessa. Lágafellskirkja. Sr. Henning Emil leiðir stundina. Barnakór Lágafellssóknar syngur undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur.

Sunnudagur 25. maí
kl. 20.00 – Kvöldmessa. Lágafellskirkja.
Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn þjónar.
Bjarmi Hreinsson leiðir tónlist.

ósoM fyrir 8.-10. bekk
kl. 20.00-21.30 alla þriðjudaga í maí
Þverholt 3, 2 hæð.



Hægt er að sjá alla viðburði á heimasíðu kirkjunnar, Instagram og Facebook undir Lágafellskirkja.

WRANGLER VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR

Jeep®

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE



EKKI BARA FYRIR FJALLAFERÐIR



FYRIR ÚTIVISTAR- OG ÆVINTÝRAFÓLK



NÝIR LITIR - NÝ SENDING AÐ LENDA



FYRIR JÖKLAFERÐIRNAR

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE

Jeep® Wrangler Rubicon er sérsniðinn fyrir þá sem vilja nota bílinn jafnt í borgarakstri sem og á torfærum vegslóðum. Wrangler er einstaklega lipur í innanbæjarakstri en jafnframt til í hvaða torfæru sem er. Ekki láta neitt stoppa þig í að komast leiðar þinnar hvort sem þú ert staddur á möl eða malbiki. Hver og einn getur hannað sína útfærslu sem gerir hvern og einn Wrangler einstakan. Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep® Wrangler.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | **8** ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

TÖKUM BÍLINN ÞINN UPP Í NÝJAN

EVRÓPUÁBYRGÐ: JEEP® BÍLAR INNFLUTTIR AF ÍSBAND UMBOÐSAÐILA JEEP® Á ÍSLANDI ERU MEÐ 5 ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ OG 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLÖÐU. JEEP® SEM FLUTTIR ERU INN AF ÖÐRUM FRÁ EVRÓPU ERU MEÐ 2 ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ FRÁ FYRSTA SKRÁNINGARDEGI - HVORT SEM HANN ER ERLENDIS EÐA Á ÍSLANDI.

USA ÁBYRGÐ: JEEP® BÍLAR SEM ERU FLUTTIR INN AF ÖÐRUM EN ÍSBAND FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI MEÐ NEINA ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17

Mosfellsbær styrkir ungmenni með launagreiðslu yfir sumartímann • Skara fram úr á sviði íþótta og lista

Styrkir til ungra og efnilegra ungmenna

Íþrótta- og tómstundanefnd veitti styrki til átta ungra og efnilegra ungmenna sem skara fram úr á sviði íþrótta og lista á fundi sínum þriðjudaginn 29. apríl.

Styrkirnir eru ætlaðir þeim ungmennum sem, vegna mikillar þátttöku í æfingum, keppni eða annarri skipulagðri starfsemi, eiga erfitt með að sinna hefðbundinni sumarvinnu líkt og jafnaldrar þeirra.

Markmiðið með styrkjunum er að styðja þessi ungmenni til frekari afreka á sínu sviði með því að veita þeim launagreiðslu yfir sumartímann.

Í ár bárust 14 fullgildar umsóknir. Allir umsækjendur þóttu verðugir styrks, sem gerði valið krefjandi. Úthlutað var í samræmi við gildandi úthlutunarreglur.

Átta einstaklingar hlutu styrk:

Arnór Orri Atlason – *tónlistarsköpun*
Auður Bergrún Snorradóttir – *golf*
Baldur Þorkelsson – *hjól*
Dagur Hrafn Helgason – *gítar*
Eva Kristinsdóttir – *golf*
Logi Geirsson – *MMA*
Úlfur Tobiasson Helmer – *píanó*
Ævar Smári Gunnarsson – *handbolti*



FRÁ AFHENDINGU Í LISTASALNUM

Íþrótta- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar vill færa öllum umsækjendum innilegar þakkir fyrir metnaðarfullar umsóknir og óskar bæði styrkhöfum og öðrum umsækjendum velfarnaðar í leik og starfi.

Metár í framkvæmdum og sterk fjárhagsstaða

Mosfellsbær skilar 877 milljóna króna afgangi

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2024 var lagður fyrir fund bæjarráðs 3. apríl. Rekstrarniðurstaða A og B hluta Mosfellsbæjar er jákvæð um 877 milljónir.

„Þessi niðurstaða endurspeglar traustan og ábyrgan rekstur, þrátt fyrir verðbólgu og hátt vaxtastig. Við höfum náð þessum árangri á sama tíma og við höfum ráðist í metnaðarfullar framkvæmdir og nauðsynlegt viðhald," segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

Metár í framkvæmdum

Rekstrarniðurstaðan er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun. Stærsta framkvæmd ársins er nýr leikskóli fyrir 150 börn í Helgafellshverfi sem verður tekinn til notkunar í sumar 2025. Þá var einnig unnið að innréttingum í íþróttahúsinu við Helgafellsskóla og við gatnagerð í hverfinu. Framkvæmdir voru hafnar á aðalvellinum við Varmá og endurnýjun skólalóða við Kvíslarskóla og Varmárskóla. Auk þess var farið í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir í skólabyggingum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Mosfellsbæ.



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

„Árið 2024 einkenndist af umfangsmiklum framkvæmdum en fjárfest var fyrir 3,7 ma. kr. og er eitt stærsta fjárfestingaár Mosfellsbæjar til þessa. Þá opnuðum við nýjan búsetukjarna í Helgafellshverfi fyrir fatlaða einstaklinga og tókum í gagnið nýja félagsmiðstöð fyrir aldraða í sögufrægri byggingu að Brúarlandi," segir Regína.

Traustur rekstur

Heildartekjur bæjarins námu 22,2 milljörðum króna. Rekstrargjöld fyrir afskriftir voru 19,2 milljarðar króna, þar af nam launakostnaður 10,9 milljörðum eða 57% útgjalda.

Eigið fé sveitarfélagsins var 8,8 milljarðar í árslok og eiginfjárhlutfall 25,1%. Veltufé frá rekstri nam 1.815 milljónum eða 8,2% af tekjum. Skuldaviðmið var 94,5% sem er vel innan ramma um fjármál sveitarfélaga sem er 150%.

Fræðslu- og uppeldismál eru umfangsmesti málaflokkurinn og til hans var varið 9.221 milljónum eða 53,4% skatttekna. Til félagsþjónustu var veitt 3.786 milljónum eða 21,9% skatttekna og eru þar með talin framlög vegna málefna fatlaðs fólks. Loks eru íþrótta- og tómstundarmál þriðja umfangsmesta verkefni bæjarins og til þeirra var ráðstafað um 1.770 milljónum eða 10,3% skatttekna.

Íbúum heldur áfram að fjölga

Mosfellsbær er sjöunda fjölmennasta sveitarfélag landsins og voru íbúar 13.715 þann 1. janúar 2025. Á síðustu tíu árum hefur íbúafjöldi Mosfellsbæjar vaxið um tæp 50%. Áfram er gert ráð fyrir íbúafjölgun næstu árin með lokaáföngum Helgafellshverfis og nýju hverfi í landi Blikastaða.

„Við leggjum ríka áherslu á að veita góða þjónustu og halda áfram að byggja upp öflugt samfélag á traustum grunni," segir Regína Ásvaldsdóttir.





Góðvinir komu færandi hendi • Verðmæti yfir 10 milljónir


Gáfu Reykjalundi nýtt hjartaómtæki

Nýlega voru sannarlega góðir gestir í heimsókn á Reykjalundi. Það var hópur góðvina sem afhenti Reykjalundi nýtt og fullkomið hjartaómtæki að gjöf, en verðmæti gjafarinnar eru yfir tíu milljónir króna.

Hjartaómtæki nýtist starfseminni vel og það var því vel við hæfi að Inga Sigurrós Þráinsdóttir hjartalæknir veitti gjöfinni viðtöku ásamt Pétri Magnússyni, forstjóra Reykjalundar.

Gefendur er góður hópur aðila. Þeir eru: Egill Ágústsson og fjölskylda, Ágúst Ármann og fjölskylda, Oddfellow-stúka nr. 1 Ingólfur og fyrirtækin Málning, Lýsi og Fastus í samvinnu við Hollvinasamtök Reykjalundar.

Reykjalundur þakkar góðvinunum öllum kærlega fyrir hlýhug og höfðinglega gjöf til starfseminnar.



Hljóðfæranám

Innritun í Listaskóla

Innritun fyrir hljóðfæranám í Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar, fyrir næsta skólaár, stendur yfir.

www.listmos.is

Mosfellsbær www.listmos.is

Opið hús

50 ára afmæli skólastarfs í Kvíslarskóla (Gaggó Mos)



Starfsfólk og nemendur Kvíslarskóla bjóða á opið hús fimmtudaginn 8. maí frá kl. 17:00 - 19:00.

Nú er tilvalið að koma og skoða endurbættan skóla, hitta kennara og rifja upp gamla tíma.

Dagskrá afmælishátíðar á sal skólans:

- Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar við aðalinngang
- Tónlistarflutningur í umsjón nemenda
- Hátíðin sett kl. 17:00 og skólastjóri flytur ávarp
- Formaður nemendaráðs flytur ávarp
- Tónlistarflutningur í umsjón fv. nemenda

Fjölbreyttir viðburðir um húsið kl. 17:30 - 19:00.

kvislarskoli.is



Hefja samstarf um bættan stuðning við ungmenni

Mosfellsbær og Bergið headspace hafa undirritað samstarfssamning sem er mikilvægur liður í aðgerðaráætlun sveitarfélagsins Börnin okkar. Samningurinn felur í sér eflingu á stuðningi við ungmenni bæjarins með markvissri ráðgjöf og fræðslu. Bergið er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágþröskuldaþjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks og notenda með fjölbreytta reynslu. Ráðgjafi frá Berginu mun hefja leika í Mosfellsbæ þann 1. maí og verður fyrsta skrefið að kynna starfsemina fyrir ungmennum, foreldrum og öðrum bæjarbúum áður en viðtöl hefjast formlega. Með þessu mikilvæga skrefi styrkir Mosfellsbær stuðningsnet sitt fyrir börn og ungmenni og undirstrikar skuldbindingu sína við velferð þeirra og framtíð. Á myndinni eru Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar og Eva Rós Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins.



Sjö dansarar úr Mosó kepptu • Hlutu fjölda verðlauna

Danssporið gerði góða ferð til Bretlands

Danssporið í Mosfellsbæ tók þátt í danskeppninni Hotshot Dance á Bretlandi helgina 26.–27. apríl.

Í keppnishópnum eru sjö dansarar á aldrinum 7–12 ára (Aurora, Berglind, Damla, Eyvör, Freyja, María og Maríella) og kepptu þær með 15 dansa.


Dansararnir sýndu miklar framfarir og unnu til fjölda verðlauna: 3 gull, 4 silfur og 1 bronz. Improv Challenge - Top 10. Choreography Challenge - Top 6. Scholarship í Jazz og Misical Theatre.



Varmárkór og Lúðrasveit með tónleikar

Hin nýstofnaða Lúðrasveit Mosfellsbæjar og Varmárkórinn leiða saman hesta sína og bjóða til tónlistarveislu fimmtudaginn 15. maí kl. 19.30 í Hlégarði. Varmárkórinn byrjar tónleikana og svo tekur lúðrasveitin við eftir hlé. Tónleikarnir enda svo með samstarfi lúðrasveitar og kórs. Lúðrasveit Mosfellsbæjar var stofnuð af fyrrverandi félögum úr Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og eins var Varmárkórinn stofnaður af fyrrverandi félögum úr Skólakór Varmárskóla, ásamt stjórnanda kórsins. Það þótti því tilvalið að efna nú til tónleika saman. Sannkallað samstarf fyrrverandi nemenda Varmárskóla, en auk þeirra eru í dag flottir meðlimir héðan og þaðan, bæði í kórnum og lúðrasveitinni.

MOSFELLINGUR
KEMUR
NÆST ÚT
5. JÚNÍ
mosfellingur@mosfellingur.is




HITTUMST Í HLÉGARÐI

Við klárum vetrarstarfið okkar 20. maí og minnum því á næstu opnanir hjá okkur í Hlégarði þriðjudagana 6.,13. og 20.maí kl 13-15. Allir velkomnir að spjalla, föndra, tefla, spila billjard, spila pokakast eða bara hvað sem er, alltaf kaffi og meðlæti í boði. Við mætum svo galvösk aftur í haust. Gleðileg sumar og takk fyrir veturinn.

VORSÝNING

Sýning verður á listaverkum sem gerð hafa verið í vetur á námskeiðum hjá okkur í félagsstarfinu.Leirmunir, glerverk, postulín, perlur, tiffanys, myndlist og fleira verður sýnt. Sérstök opnun sýningarinnar verður laugardaginn 24. maí kl. 13.30. Sýningin mun svo standa yfir dagana 24.-30. maí í Brúarlandi Háholti 3 milli




11-16 virka daga. Nú er tækifæri til að sjá hvað er kennt á þessum vinsælu námskeiðum. Allir hjartanlega velkomnir. Sjón er sögu ríkari.

Opnunartími í Brúarlandi

Munið að Brúarland er opið mán-fim 11-16 og föst 13-16. Allir velkomnir og alltaf kaffi á könnunni. Tökum vel á móti ykkur og ef þið hafið hugmyndir að nýjum dagskrárliðum tökum við vel á móti þeim hugmyndum.

Ljósmyndaklúbbur var stofnaður í Brúarlandi og fer hann vel á stað og er alla þriðjudaga kl. 13. Allir velkomnir að vera með.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jóhanna B. Magnúsdóttir formaður
hanna@smart.is

Hrund Hjaltadóttir varaformaður
hrundhj@simnet.is

Þorsteinn Birgisson gjaldkeri
thorsteinn.birgis@gmail.com

Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi
polarafi@gmail.com

Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari
gunnasjana@simnet.is

Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður
igg@simnet.is

Sólrún Ósk Gestsdóttir varamaður
mittlevel10@gmail.com

Vor 2025

Karlakór Kjalnesinga

Syngjum Söngva



Langholtskirkja:
Fimmtudaginn 8.maí kl.20
Laugardaginn 10.maí kl.16

Stjórnandi:
Lára Pétursdóttir

Gestasöngvari:

GDRN

Hljómsveit:
Benedikt Brynleifsson
Jón Elvar Hafsteinsson
Jón Rafnsson
Kjartan Valdemarsson



Miðasala á midix.is



Þórhildur söngkona, Ásthildur bassaleikari, Agnes gítarleikari og Hraun trommuleikari.

Hljómsveitin Geðbrigði • Þórhildur valin söngkona ársins

Mosfellingar sigruðu Músíktilraunir 2025

Hljómsveitin Geðbrigði sigraði Músíktilraunir þann 6. apríl en keppnin fór fram í Hörpunni.

Hljómsveitina skipa Mosfellingarnir Þórhildur Helga Pálsdóttir söngkona, Ásthildur Emma Ingileifardóttir bassaleikari auk Agnesar Óskar Ægisdóttur gítarleikara og Hraun Sigurgeirs trommuleikara. Þau hlutu einnig viðurkenningu fyrir textagerð á íslensku auk þess sem Þórhildur Helga Pálsdóttir var valin söngvari Músíktilrauna.

Geðbrigði er drunga-þunga-pönk-rokk hljómsveit en þess má geta að 42 frábær tónlistaratriði tóku þátt í Músíktilraunum.





Blikastaðadagur 24. maí • Áhugamenn um dráttarvélar

Fergusonfélagar bjóða gestum á Blikastaði

Fergusonfélagið stendur fyrir Blikastaðadegi laugardaginn 24. maí.

Þá eru gestir boðnir velkomnir að taka þátt í líflegum degi jafnt úti sem inni. Tilvalið að kynna sér starfsemi félagsins.

Byrjað verður að hella upp á könnuna kl. 10 og fara þá menn að tínast á staðinn með vélarnar sínar. Um kl. 13 verður svo keyrður rúntur um svæðið og svo aftur kl. 15.30.

Fergusonfélagið hefur haft aðsetur á Blikastöðum um nokkurt skeið en félagið telur rúmlega 300 félagsmenn og er áhugamannafélag um dráttarvélar og sögu landbúnaðarins.

Næsta blað kemur út: 5. JÚNÍ

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 2. júní.

mosfellingur@mosfellingur.is











SUMARDAGURINN FYRSTI

SVIPMYNDIR















Myndir/RaggiÓla





Söngskemmtun

Álafosskórinn og Mosfellskórinn

Sunnudaginn 4. maí kl. 18:00 ætlum við að halda saman söngskemmtun í Hlégarði með það að markmiði að koma viðstöddum brosandi í sumarskap.

Miðaverði stillt í hóf eða aðeins 3.500 kr. Frítt fyrir 18 ára og yngri.

Kaffi og meði í hléi.

DOMUSNOVA
Fasteignasala

MIG LANGAR AÐ KYNNA MIG!

Nú fer að líða að vori og þá fara margir að hugsa sér til hreyfings hvað varðar húsnæði.

Ég hef starfað sem fasteignasali í yfir 10 ár með mjög góðum árangri. Ég er búsett í Mosfellsbæ og vil endilega fá að vinna fyrir þig.

Mín leiðarljós eru:

- **Heiðarleiki**
- **Trúnaður**
- **Eftirfylgni**

Ég legg mikla áherslu á fagleg vinnubrögð og undirbý sölu og myndatöku á vandaðan hátt og næ þannig að hámarka verðið fyrir eignina þína.



Vera Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali
866-1110
vera@domusnova.is

SUMARNÁMSKEIÐ
HRAÐASTAÐIR

Sumarnámskeið fyrir börn sem elska dýr!
Við í Húsdýragarðinum á Hraðastöðum
bjóðum krökkum að koma á námskeið
hjá okkur og fá að upplifa lífið í sveitinni.

Námskeiðin eru í viku í senn frá mánudegi til föstudags. Annars vegar fyrir hádegi frá kl. 9–12 og hins vegar eftir hádegi kl. 13–16.

Nánari upplýsingar og skráning:
hradastadir.is/namskeid







Plöntusala í Helgafellsskóla

Í Helgafellsskóla eru nemendur svo heppnir að hafa gróðurhús til afnota þar sem þau hafa fengið tækifæri til að rækta fjölbreyttar plöntur. Nemendur í 10. bekk hafa lagt mikla vinnu í að rækta og koma plöntunum af stað allt frá grunni, og eru þær nú tilbúnar til sölu.

Í tilefni þess að nemendur í 10. bekk eru að fara í útskriftarferð, verður haldin fjáröflun. Plöntusala fer fram þriðjudaginn 20. maí og fimmtudaginn 22. maí kl. 16–18. Salan fer fram í gróðurhúsi Helgafellsskóla, sem er staðsett á þriðju hæð í Gerplustræti 14. Gengið er inn hjá Bólinu sem er á milli skrifstofunnar og íþróttahússins.

Á sölunni verður mikið úrval af alls kyns plöntum eins og matjurtir, kryddjurtir, sumarblóm og hengiblóm. Hér er frábært tækifæri til að næla sér í fallegar og líflegar plöntur fyrir sumarið og um leið styðja við gott málefni.

Salan gekk gríðarlega vel í fyrra og allt seldist upp á skömmum tíma svo Mosfellingar eru hvattir til að mæta tímanlega og að tryggja sér fallegar plöntur úr ræktun nemenda.

„Við hlökkum til að sjá ykkur og þökkum kærlega fyrir allan þann stuðning sem hjálpar okkur að gera útskriftarferðina að ógleymanlegri upplifun.“

ÖLL ALMENN JARÐVINNA

• Hellulagnir •
• Þökulagnir •
• Vélarvinna •
• Malbik- og steinsögun •
• Snjóbræðslulagnir •
• Grjót/steinhleðslur •
• Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI

HÚSRÁÐ
VERKTAKAR
781 7777
husrad@husradverktakar.is



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Næsta blað kemur út: 5. JÚNÍ

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 2. júní.
mosfellingur@mosfellingur.is



Börnin okkar - Opinn fundur með foreldrum 20. maí í Hlégarði



Mosfellsbær, í samstarfi við SAMMOS, býður til opins fundar með foreldrum þar sem aðgerðaáætlunin Börnin okkar verður kynnt og farið yfir stöðuna. Fundurinn er sjálfstætt framhald af tveimur opnum fundum með foreldrum sem haldnir voru síðastliðið haust.

Fundurinn fer fram þriðjudaginn 20. maí kl. 20:00 í Hlégarði.

Vanda Sigurgeirsdóttir stýrir hluta fundarins þar sem unnið verður með foreldrum að Samskiptasáttmála í Mosfellsbæ en slíkur sáttmáli er ein af stóru aðgerðunum í Börnin okkar. Sáttmálinn verður unninn með aðkomu nemenda, foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla, frístunda, félagsmiðstöðva og íþróttafélaga.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið Börnin okkar má finna á mos.is/borninokkar

BLÓMSTRAÐU Í BORGÓ




Bíltæknibraut • Bóknám
Félagsvirkni og uppeldissvið
Framhaldsskólabraut • Íþróttaakademía
Listnám • Málm- og véltæknibrautir
Sérnámsbraut • og fleira

INNRITUN

Eldri nema **14. MARS – 26. MAÍ**
Nemenda úr grunnskóla **25. APRÍL – 10. JÚNÍ**

Borgarholtsskóli
borgo.is



Garðyrkja

Opið fyrir umsóknir um matjurtagarða sumarið 2025

- Leiguverð er 2.500 kr. fyrir 50m² garð
- Úthlutun hefst 5. maí
- Garðar verða tilbúnir til notkunar 16. maí
- Notendur koma með sín eigin verkfæri
- Aðgengi að vatni

Tekið er við umsóknum á netfangið: matjurtagardar@mos.is

Matjurtagarðar bæjarins eru staðsettir austan við Varmárskóla þar sem gömlu skólagarðarnir hafa verið. Aðkoma að görðunum er að norðanverðu við bílastæði hjá Kvíslarskóla.

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

KB ÞRAUTIN



Skemmtilegt þrautahlaup í Mosfellsbæ

10 km og 30+ þrautir

Frábært fyrir vinahópa, fjölskyldur og vinnufélaga

17. MAÍ



SKRÁNING HAFIN!

www.kettlebells.is vala@kettlebells.is



DR. BÆK

í Bókasafni Mosfellsbæjar

10. maí kl. 12-15

Við hvetjum allt hjólreiðafólk til að koma með hjólhestana sína í fría ástandsskoðun hjá doktornum í upphafi sumars.

Hann kemur með farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Doktorinn skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra.



Dr. Bæk

hjólafærni

TÁLGUNARSMIÐJA

FYRIR BÖRN

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

31. MAÍ KL. 13-14 & 14-15

Langar þig til þess að prófa að tálga? Eða langar þig að tálga meira? Nú er tækifærið því laugardaginn 31. maí verður tálgunarsmiðja fyrir börn í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Smiðjan er ætluð 6-12 ára börnum en 9 ára og yngri komi í fylgd með fullorðnum. Smiðjustjóri er Bjarni Þór Kristjánsson, handverksmaður og kennari. Allur efniviður, tæki og tól verða til taks á staðnum.

Tvær samskonar smiðjur eru í boði, sú fyrri kl. 13 og sú seinni kl. 14. Hámarksfjöldi í hvora smiðju eru 7 börn og er skráning nauðsynleg. Skráning fer fram í gegnum sumarfrístundarvef Völu - sumar.vala.is



Sögustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 7. maí kl. 16:45



Í síðustu sögustund vetrarins fáum við til okkar góðan gest. Rán Flygenring kíkir í heimsókn og les fyrir okkur nýjustu bókina sína, Tjörnin.

Garðurinn okkar er mjög venjulegur garður. Við þekkjum hann eins og lófann á okkur! Eða það héldum við... allt þar til við rákumst á hana. Dældina. Þegar Fífa og Spói rekast á ókunna dæld í garðinum sínum breytist allt. Hélukeppir og gljáfætlur, óstýrilát selshamsstytta, dularfullt draugabarn og bíræfnir nágrannar eru bara brot af þeim undrum sem koma upp úr kafinu þegar vinirnir munda skóflurnar.

Öll velkomin!



Vinkill



Anna Álfheiður Brynjólfsdóttir

26. apríl - 23. maí 2025

Listasalur Mosfellsbæjar — Þverholt 2, 270 Mosfellsbær

GRÖFURNAR
ERU MÆTTAR TIL OKKAR OG Á FRÁBÆRUM VERÐUM!

TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

1 TONNA VÉLAR Á TILBOÐI Á 1.490.000.- ÁN VSK

HT10



Þyngd: 1000kg
Vél: Eins cylendra Koop Loftkældur
Afl: 7,6kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla

Tilboðsverð
1.490.000.- án VSK

HT16



Þyngd: 1600kg
Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara
Afl: 16,5kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm tennt skófla og glussastýrður þumall

Verð: 1.990.000.- án VSK

ALLIR AUKAHLUTIR Á LAGER!

Tilt skóflur
Tenntar skóflur
Sléttar skóflur
Sandskóflur
Stauraborar
Gróðurklippur
Fleygar
Rökur
O.fl.

ALLT Á EINUM STAÐ

Allar síur, olíur, auka og varahlutir fást í netverslun okkar
www.ljardalur.is

Nýtt símanúmer
5-666-381

BETRA AÐ EIGA EN AÐ LEIGJA

25-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM AUKAHLUTUM MEÐ ÖLLUM KEYPTUM VÉLUM



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS



Listasalur Mosfellsbæjar

Vinkill í Listasalnum

Listasalur Mosfellsbæjar opnaði sýninguna Vinkil eftir Önnu Álfheiði Brynjólfsdóttur laugardaginn 26. apríl.

Vinkill (e. angle) er áttunda einkasýning hennar og samanstendur af tólf verkum, þrívíðum málverkum og plexigler verkum. Undanfarin ár hefur hún unnið með óhlutbundin þrívíð form, þar sem strangflatalist mætir ljóðrænni skynjun.

Sýningin stendur til og með 23. maí.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Framtíðarstarf
Óskum eftir starfsmanni í pökkun og framleiðslu í matvælavinnslu.

Sumarstarf
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar í matvælavinnslu í Mosfellsbæ.

Frekari upplýsingar í síma 897-3236 eða raggi@nonnilitli.is

nonni litli
Þverholti 8 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6614 Fax 566 6617
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is

Sumarnámskeið Lágafellssóknar

Leikir, ævintýri, söngur & fjör!

Tími	Lengd	Aldur & fæðingarár	verð
Vika 1: 10. – 13. júní	4 dagar	6 - 9 ára 2016 - 2019	15.000 kr.
Vika 2: 16. – 20. júní	4 dagar	6 - 9 ára 2016 - 2019	15.000 kr.
Vika 3: 23. – 27. júní	5 dagar	6 - 9 ára 2016 - 2019	18.000 kr.
Vika 4: 18. – 22. ágúst	5 dagar	6 - 9 ára 2016 - 2019	18.000 kr.

Skráning er hafin!



Skráning & nánari upplýsingar á lagafellskirkja.is

VORTÓNLEIKAR

Miðaverð: 2.500 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri

Lúðrasveit Mosfellsbæjar
&
Varmárkórinn

15. maí HLÉGARÐUR FÉLAGSHEIMILI 19:30



SUMARBLÓMASALA DALSGARÐS

HEFST 23. MAÍ

í Dalsgarði í Mosfellsdal

Mikið úrval af fallegum sumarblómum
Opið alla daga frá 11-18

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700





SÆKTU ÞÉR BITA AF GÓÐGÆTINU DAGSINS

DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 |MOSFELLSBÆ



FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ 10.BEKKJAR

Gróðurhús
HELGAFELLSKÓLA

Gerplustræti 14, 3 hæð

Gengið inn á milli skrifstofu og íþróttahúss frá Gerplustræti.

Gott verð og skemmtilegir 10.bekkingar í sölunni
Endilega komiði og nælið ykkur í plöntu



Þriðjudaginn 20.maí - klukkan 16:00-18:00
Fimmtudaginn 22.maí - klukkan 16:00 -18:00

PLÖNTUR SEM VERÐA TIL SÖLU:

Matjurtir, kryddjurtir,
sumarblóm og hengiblóm
(og fleira)



TÓNLEIKAR
KÓRA ELDRI BORGARA

Laugardaginn 10. maí
í Helgafellsskóla

Fram koma:
Gaflarakórinn Hafnarfirði, Hljómur Akranesi, Hörpukórinn Selfossi, Eldey Suðurnesjum og Vorboðar Mosfellsbæ

Tónleikarnir hefjast kl. 16:00.
Aðgangur ókeypis


GUFUBAÐIÐ VÍGT

Hollvinasamtök Reykjalundar gáfu glæsilega gjöf

Infrarautt gufubað í boði Hollvina

Rétt fyrir páska var formlega vígt infrarautt gufubað á Reykjalundi en það er staðsett við hlið stærri sundlaugarinnar.

Það voru Hollvinasamtök Reykjalundar sem gáfu glæsilegan infrarauðan gufuklefa sem var sérsmíðaður. Klefinn tekur fimm til sjö manns og eru verðmæti gjafarinnar rúmar þrjár milljónir króna.

Infrarauð gufa notar infrarautt ljós til að hita líkamann beint án þess að hita restina af gufuklefanum. Hitastigið er lægra en í hefðbundinni gufu eða um 55°C og þolist því oft betur. Hún er talin hafa forskot á hefðbundna gufu og heita bakstra til stoðkerfismeðferðar vegna þess að hitinn kemst mun dýpra inn í líkamann eða allt að því 4 cm inn fyrir yfirborð húðar.

Meðferðartíminn er 20–30 mín. Helstu áhrif eru talin vera verkjastilling, hraðari endurheimt eftir þjálfun, slökun, aukið blóðflæði, þyngdartap og fleira. Nýja gjöfin á því eftir að nýtast vel hér í starfseminni.

Meðfylgjandi mynd var tekin við vígsluna en í efri röð frá vinstri eru Júlíus Þór Jónsson formaður Hollvinasamtaka Reykjalundar, Miglena Apostolova sundlaugarvörður og Guðjón Svansson íþrótta- og lýðheilsufulltrúi Mosfellsbæjar. Í neðri röð frá vinstri eru Ágúst Már Jónsson íþróttafræðingur, Pétur Magnússon forstjóri og Óskar Jón Helgason framkvæmdastjóri þjálfunar og ráðgjafar.

Reykjalundur þakkar Hollvinasamtökunum hjartanlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf og sendir einnig þakklæti til allra iðnaðarmanna og annara sem komu að smíði klefans.

Nýr eigandi hárstofunnar

Lovísa tekur við Aristó

Þann 1. apríl tók nýr eigandi við Aristó hárstofu. Breytingar á útliti stofunnar eru byrjaðar og meira væntanlegt. Nýtt lógó er að verða tilbúið og nýr starfsmaður, Hildur boga, byrjaði 1. apríl sem sérhæfir sig í herrum og skeggi.


Hildur Boga

Nú eru þrír „ættliðir" af eigendum Aristó að vinna á stofunni. Sem sagt Guðrún sem stofnaði Aristó fyrir 22 árum, Eva sem tók við henni fyrir rúmum tveimur árum og svo Lovísa.


LOVÍSA LÚTHERS







Menning

Hver verður bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2025?

Menningar- og lýðræðisnefnd óskar eftir umsóknum og tilnefningum um einstakling eða samtök listafólks í Mosfellsbæ sem bæjarlistamaður ársins 2025.

Útnefning fer fram í tengslum við Í túninu heima.

Allt starfandi listafólk, listahópar og samtök sem starfa í Mosfellsbæ koma til greina og nefndin metur allar umsóknir og tilnefningar sem fram koma.

Styrkupphæð bæjarlistamanns Mosfellsbæjar er 1 milljón króna.

Tilnefningar og umsóknir skal senda inn á Mínum síðum. Skilafrestur til 16. júní 2025.

Nánar á **mos.is/baejarlistamadur**


Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

Málfríður Bjarnadóttir *deildarstjóri er hvatamaður að þróunarstarfi við Helgafellsskóla*

Allir leggja sitt af mörkum

Snjallræði er þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í Helgafellsskóla í fjögur ár. Þetta er hönnunarstund þar sem allir nemendur skólans, allt frá leikskólastigi upp á unglingastig, glíma við mánaðarlegar áskoranir. Markmið Snjallræðis er að efla nemendur í samvinnu, skapandi og gagnrýnni hugsun ásamt því að þjálfa og styrkja ímyndunaraflið.

Hvatamaður að þessu þróunarstarfi er Málfríður Bjarnadóttir deildarstjóri við skólann en hún er ein af handhöfum Íslensku menntaverðlaunanna 2024.



Málfríður eða Fríða eins og hún er ávallt kölluð er fædd í Reykjavík 13. mars 1991. Foreldrar hennar eru þau Björg Kristín Kristjánsdóttir kennari og bókasafnsfræðingur og Bjarni Snæbjörn Jónsson stjórnunarráðgjafi.

Bræður Málfríðar eru þeir Þórður Illugi f. 1980 og Kristján Sturla f. 1985.

Varmáin rann í gegnum garðinn

„Fyrstu sextán ár lífs míns bjó ég innst í Grenibyggðinni. Í bakgarðinum okkar var lítið skógarrjóður og Varmáin rann í gegnum garðinn.

Það var dásamlegt að alast þarna upp, stutt í náttúru og ég lék mér mikið úti. Í hverfinu var mikið af krökkum og nánast öll sumarkvöld var gengið í hús og safnað saman í leiki. Á veturna renndum við okkur á sleða í brekkunni við Dælustöðina."

Góðar minningar frá Reykjum

„Ég á einnig góðar minningar frá Reykjum, en afi minn og amma, Jón og Málfríður bjuggu þar. Ég sótti mikið í að vera hjá þeim og frænkum mínum sem bjuggu á efri hæðinni. Ég öfundaði þær að fá að búa þarna en var svo heppin að á milli okkar var gott samband og ég eyddi því miklum tíma með þeim. Fyrir mér var þetta allt sérlega spennandi, heyskapurinn, leika í hlöðunni eða fá að fara á hestbak.

Ég gekk í Varmárskóla og þaðan á ég mjög ljúfar minningar. Ég varð fljótt kappsamur námsmaður, stundum aðeins of kannski," segir Fríða og brosir. Ég var samt líka mikil félagsvera og tók þátt í öllu slíku.

Yfir sumartímann snerist allt um fótboltann en ég æfði fótbolta með Aftureldingu fram á unglingsárin. Eins ferðaðist ég mikið með foreldrum mínum erlendis ásamt því að fara í veiðiferðir og önnur ferðalög um landið."

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Lærdómsríkt og þroskandi ferðalag

„Leið mín lá síðan í Menntaskólann í Reykjavík. Stærðfræði og raunvísindi hafa alltaf legið vel fyrir mér þannig að það lá beinast við að feta þá braut. Frá MR fór ég í Háskóla Íslands þar sem ég kláraði B.Sc. í næringarfræði. Eftir útskrift tók ég mér árs frí og lagði land undir fót ásamt góðum vinkonum. Við ferðuðumst um Mið- og Suður Ameríku í þrjá mánuði sem var virkilega lærdómsríkt og þroskandi ferðalag.



Fjölskyldan í Kaupmannahöfn 2024. Hrafnkell Sturla, Anita, Hjalti Tómas og Málfríður.

Þegar ég kom heim hóf ég meistaranám við HÍ í matvælafræði þar sem ég vann stórt rannsóknarverkefni fyrir Matís. Ég stefndi á doktorsnám eftir útskrift úr náminu og var komin í samband við leiðbeinanda við háskóla í Kanada."

Besta ákvörðun sem ég hef tekið

„Ég starfaði hjá Matís sumarið eftir útskrift úr meistaranáminu en svo bauðst mér óvænt starf hjá litlu einkafyrirtæki. Ég var spennt fyrir þessu tækifæri og ákvað því að slá doktorsnáminu á frest. Ég upplifði þó starfið hvorki gefandi né sérstaklega áhugavert. Ég er samt afskaplega þakklát þessu starfi því það markaði tímamót í mínu lífi og hjálpaði mér að fylgja hjartanu. Ég tók U-beygju og skráði mig í kennslufræði í HÍ.

Á mennta- og háskólaárunum vann ég m.a. á leikskólum og naut þess að vinna með börnum, þó hafði aldrei áður hvarflað að mér að leggja kennarastarfið fyrir mig. Þetta er ein albesta ákvörðun sem ég hef tekið, þú finnur ekki fjölbreyttara, meira skapandi og gefandi starf. Ég hlakka til að mæta í vinnuna alla daga."

Elskum að búa til minningar

Málfríður er gift, Anítu Kristjánsdóttur félagsráðgjafa og tölvunarfræðingi. Þær eiga saman tvo drengi, Hrafnkel Sturlu f. 2020 og Hjalta Tómas f. 2022.

„Ég er mikil fjölskyldumanneskja og við fjölskyldan elskum að eyða saman tíma og búa til minningar. Okkur finnst mjög gaman að ferðast og stunda útivist eins og fjallgöngur.

Varðandi áhugamálin þá hef ég mikinn áhuga á allri hönnun, elska að gera heimilið mitt fínt og leita mér að innblæstri fyrir það, eins hef ég mikla ánægju af því að elda og prófa mig áfram í eldhúsinu

Skólaþróun og kennslufræði er eitthvað sem ég þreytist aldrei á, búa til námsefni, finna hugmyndir sem nýtast í skólastarfinu eða kynna mér ýmis konar tækni og hvernig hún nýtist í kennslu."

> ***Ég er sannfærð um að Snjallræði komi til með að gegna lykilhlutverki í að efla framtíðarfærni nemenda.***

Tækni og skapandi kennsluhættir

Fríða starfar í dag sem deildarstjóri verkefna í Helgafellsskóla. Hún aðstoðar kennara við að innleiða tækni og skapandi kennsluhætti í gegnum námskeið og með því að þróa efni sem nýtist þeim í kennslu.

„Ég tek hópa á öllum aldursstigum í alls konar tækni og skapandi nám. Hef meðal annars verið með þrívíddarprentun ásamt því að kenna forritun, nýsköpun og ýmis konar fikt.

Ég hef leitt verkefnið mitt Snjallræði í skólanum s.l. fjögur skólaár en Snjallræði er hönnunarstund þar sem allir nemendur skólans, allt frá leikskólastigi upp á unglingastig, glíma við mánaðarlegar hönnunaráskoranir.

Í hverjum mánuði fá nemendur áskorun um að hanna nýtt leikfang eða farartæki og einu sinni á önn glíma nemendur við stærri áskorun, þar sem þeir tækla eitthvað raunverulegt vandamál sem unnið er í þemavinnu. Foreldrum og forráðamönnum er síðan boðið í heimsókn til að sjá afraksturinn."

Það felast í þessu miklir möguleikar

„Ég er gríðarlega metnaðarfull þegar kemur að þessu verkefni og legg mikið upp úr því að búa til áskoranirnar þannig að auðvelt sé að nýta sér þær. Þær eiga að nýtast kennurum sem eru óöryggir í þessari vinnu en þær eru líka þess eðlis að þeir kennarar sem eru komnir langt í þessari vinnu eiga að hafa heilmikið svigrúm til að útfæra áskorunina á sinn hátt og taka verkefnið jafnvel skrefinu lengra.

Ég hef deilt öllum áskorunum á www.bit.ly/snjallraedi en ég hef alla tíð haft það að markmiði að hafa efnið aðgengilegt svo að aðrir skólar eða kennarar geti nýtt sér það á einn eða annan hátt.

Markmið Snjallræðis er að efla nemendur í samvinnu, þar sem allir leggja sitt af mörkum, skapandi og gagnrýnni hugsun, ásamt því að styrkja ímyndunaraflið. Í gegnum verkefnið öðlast nemendur einnig færni í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að setja sig í spor annarra og átta sig á því að mistök eru ómissandi og dýrmætur hluti af skapandi ferli.

Ég er sannfærð um að Snjallræði gegni lykilhlutverki í að efla framtíðarfærni nemenda. Það felast nefnilega miklir möguleikar í því að byrja strax á leikskólastigi að hlúa að sköpunargáfu barna," segir Fríða og brosir er við kveðjumst.

HIN HLIÐIN

Hver er þín fyrsta minning?
Þegar pabbi fór með mig á sundnámskeið á Reykjalundi.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Aníta, konan mín, þegar hún gaf mér nýjan síma í afmælisgjöf, átti alls ekki von á því.

Hver myndi leika þig í biómynd?
Ég sjálf, þá myndi gamall draumur um að verða leikkona rætast.

Fallegasti staður í Mosfellsbæ?
Margir sem koma upp í hugann, einn þeirra er Húsadalur upp af Reykjum. Milli Reykjafjalls og Reykjaborgar þar sem Varmáin rennur niður eftir dalnum.

Uppáhaldshljómsveit? Fleetwood Mac, Rolling Stones og The National.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Ókurteisi, óréttlæti og fáfræði.

Besta gjöf sem þú hefur fengi?
Ömmur mínar tóku sig saman ein jólin og gáfu mér sameiginlega gjöf, bókina Kvennafræðarann, útgáfu frá 1911 og skrifuðu fallegt kort með, mér þótti virkilega vænt um þetta.



MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á BRÚÐKAUPSDAGINN



UNG AÐ ÁRUM



MEÐ ÖMMU FRÍÐU

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

Hreyfing í Mosfellsbæ

Utanvegaviðburðir sumarið 2025



KB ÞRAUTIN
laugardagur
17. maí

ÁLAFOSSHLAUPIÐ
fimmtudagur
12. júní

DRULLUHLAUPIÐ
laugardagur
16. ágúst

ÍSLANDSMÓTIÐ Í FJALLAHJÓLREIÐUM
laugardagur
16. ágúst

HUNDAHLAUPIÐ
miðvikudagur
27. ágúst

FELLAHRINGURINN
fimmtudagur
28. ágúst

TINDAHLAUPIÐ
laugardagur
30. ágúst

Mosfellsbær

HEILSUEFLANDI samfélag



Samið við Íslenska gámafélagið

Handknattleiksdeild Aftureldingar og Íslenska gámafélagið undirrituðu fyrr á þessu tímabili tveggja ára samning þar sem að Íslenska gámafélagið mun styrkja bæði meistaraflokkana og afreksstarf deildarinnar. Handknattleiksdeild Aftureldingar leggur gríðarlega mikla áherslu á að vera í öflugu samstarfi við bakhjarla sína. Starf meistaraflokkana og afreksstarfsins byggir á grunni öflugra bakhjarla sem styðja við og styrkja alla starfsemina og er deildin því afar stolt af þessu samstarfi við Íslenska gámafélagið. Íslenska gámafélagið var stofnað árið 1999. Starfsemin byggist að mestu leyti á sorphirðu og flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum um allt land.
Á meðfylgjandi eru Jón Þórir Frantzson forstjóri Íslenska gámafélagsins og Gunnar Pétur Haraldsson meðstjórnandi handknattleiksdeildar.



Frábær árangur á bikarmóti

Frábær árangur Kraft Mos á bikarmóti. Þrjú gull, eitt silfur og fjöldi Íslandsmeta. Besti stigarárangur í sub-jun og junior.
Karlar opinn flokkur: Alexander Örn Kárason (BRE). Karlar junior: Benóný Helgi Benónýsson (MOS) Karlar sub-junior: Helgi Kristberg Ólafsson (MOS). Karlar master: Trausti Traustason (MAS).
Öflug starfssemi er fram undan hjá Lyftingafélagi Mosfellsbæjar. Bjarni Páll Pálsson og Lucie Stefanikofa sjá um þjálfun á námskeiði í kraftlyftingum og Hrund Scheving, Ingi Gunnar Ólafsson, Eygló Fanndal sjá um þjálfun í ólympískum lyftingum.

Fyrsti sigur í Bestu deild karla gegn Víkingum • Stelpurnar hefja leik á laugardaginn

Áhorfendamet og fyrsti sigur

Afturelding vann öflugan 1-0 sigur á Víkingi R. í 3. umferð Bestu deildarinnar á dögunum. Áhorfendur voru 984 á Malbikstöðinni að Varmá, mættir til að sjá leikinn og er um að ræða áhorfendamet á fótboltaleik í Mosfellsbæ.

Afturelding er með fjögur stig eftir fjóra leiki en fram undan eru sex leikir í Bestu deildinni í maí. Næsti leikur er á Malbikstöðinni að Varmá á mánudagskvöld þegar Stjarnan kemur í heimsókn klukkan 19.15. KR kemur í heimsókn í Mosfellsbæ sunnudaginn 18. maí og óhætt er að segja að spennandi leikir séu fram undan á Malbikstöðinni að Varmá.

Stelpurnar spila fyrsta leik

Afturelding hefur leik í Lengjudeild kvenna á laugardag þegar liðið fær KR í heimsókn á Malbikstöðina að Varmá klukkan 14. Lengjudeildin fer af stað með krafti í maí en Afturelding á fimm leiki fra mundan í mánuðinum.

Þar á meðal eru heimaleikir á Malbikstöðinni að Varmá gegn Keflavík föstudaginn 16. maí og ÍBV þriðjudaginn 27. maí.

Mætum á völlinn og hvetjum Aftureldingu til sigurs!



HRANNAR SNÆR FAGNAR FYRSTA MARKI AFTURELDINGAR Í EFSTU DEILD KARLA

Fyrsta byrjunarlið Aftureldinga í Bestu deild þegar liðið tók á móti ÍBV. Í leik liðsins gegn Víkingum, á sumardaginn fyrsta, var leikið með sorgarbönd til að heiðra minningu Ólafs Gísla Hilmarssonar, sjálfboðaliða hjá Aftureldingu sem lést þann 21. apríl.

Deildarmeistarar í 4. flokki

Strákarnir í 4. flokki Aftureldingar í handbolta urðu deildarmeistarar á dögunum.

Framtíðin er greinilega björt á yngri flokkum félagsins. Fram undan er úrslitakeppnin um Íslandsmeistaratitilinn.



EFNILEGIR MEISTARAR





DEILDARMEISTARAR

Unnu titil og heiðruðu fallinn félaga

Strákarnir í 3. flokki karla gerðu sér lítið fyrir og hömpuðu deildarmeistaratitli í handbolta á laugardaginn.
Daginn tileinkar þeir góðum vini og liðsfélag, Kristiani Helga Hilmarssyni sem lést fyrir viku síðan eftir hetjulega baráttu.

AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR

JAKO
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

MEISTARAFLOKKUR KARLA

VALUR
AFTURELDING

N1 HÖLLIN

20:15

MEISTARAFLOKKUR KVENNA

AFTURELDING
STJARNAN

VARMÁ

17:30

HANDBOLTA
FÖSTUDAGUR



UNDANÚRSLIT OG ÚRSLIT
UPPHITUN Í VALLARHÚSINU

DAGSKRÁ VERÐUR BIRT Á MIÐLUM DEILDARINNAR

MOSFELLINGUR AFTURELDING VARMÁ GLJÚFRASTEINN

REYKJABORG

LÁGAFELLSKIRKJA

Finndu orðin í stafasúpunni

Q	Æ	P	O	B	C	Á	O	Æ	H	A	F	R	A	V	A	T	N	P	O	Đ	K
M	B	M	D	K	F	M	T	B	X	T	Æ	V	D	N	K	M	F	S	Þ	Đ	M
D	J	O	N	G	H	R	Í	N	Ó	G	J	T	U	N	H	Y	G	S	J	U	B
N	Þ	S	U	Đ	B	A	F	L	L	E	F	A	G	L	E	H	Æ	O	Ö	H	L
A	O	F	H	M	Ó	V	M	Æ	F	P	P	Þ	W	G	H	M	S	F	J	G	I
L	K	E	D	S	O	G	Ö	V	Ö	E	O	N	T	F	U	Y	Ö	A	P	Í	K
R	P	L	P	G	L	J	Ú	F	R	A	S	T	E	I	N	N	F	L	P	E	A
A	Þ	L	K	V	H	M	F	G	H	N	J	J	H	S	V	Đ	M	Á	E	B	S
Ú	B	I	U	Æ	Đ	R	U	Đ	R	A	G	É	L	H	H	R	T	Ó	Á	Y	T
R	H	N	O	Ö	N	Y	Y	Ö	V	U	Y	W	R	Q	U	E	A	N	S	E	A
B	J	G	O	D	A	U	N	G	M	E	O	D	D	E	O	Y	T	M	G	V	Đ
Đ	O	U	T	I	L	Ó	K	S	A	K	I	R	K	H	F	K	P	S	O	M	I
N	Y	R	Í	Đ	Æ	F	G	Ö	J	J	U	P	Ö	H	U	J	Æ	M	V	F	R
C	P	P	V	Þ	H	A	M	R	A	H	L	Í	Đ	P	S	A	B	J	R	F	D
N	Æ	H	Y	G	T	N	F	H	H	U	V	M	D	Y	Þ	B	M	Ó	I	Y	Đ
A	J	K	R	I	K	S	L	L	E	F	A	G	Á	L	K	O	U	F	E	P	O
B	B	P	O	Æ	J	D	G	T	N	J	U	Q	H	G	V	R	C	N	L	P	F
A	F	T	U	R	E	L	D	I	N	G	X	P	K	Æ	D	G	F	Đ	B	U	O

HAFRAVATN


KRIKASKÓLI


HAMRAHLÍÐ

LÉGARÐUR

LEIRVOGSÁ HELGAFELL BLIKASTAÐIR ÁLAFOSS









Sudoku

AUÐVELT

		2	
	4		
		3	
	1		

ERFITT

		6	5			2		4
					3			
3		7						6
7					4		5	
			9		5			
			3			8	6	
4	8					1		
5	9			2				
								2













Frístundastarf

Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga

Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á mos.is/fristund

Stuðningur
Foreldrum er bent á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar: elisan@mos.is

Ert þú að halda námskeið?
Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið: dana@mos.is

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

Skráningar á sportabler
www.afturelding.is

UMFA
ÍSLANDI ALLT
11. APRÍL 1909

Sumarnámskeið Aftureldingar 2025

Blak
Badminton
Fimleikar
Handbolti
Körfubolti
Knattspyrna
Sund

Karlakórinn Stefnir 85 ára

og sömuleiðis Grímur Grímsson, heiðursfélagi kórsins

Hinn 15. janúar sl. varð Karlakórinn Stefnir 85 ára og 5. apríl náði Grímur Grímsson, Byggðarholti 41, kórnum í aldri.

Það er skemmtileg tilviljun því að leiðir Gríms og Stefnis hafa legið saman í hálfa öld. Grímur vann nefnilega manna mest að því að endurræsa Stefni árið 1975 þegar Framfarafélag Mosfellinga ákvað að stofna karlakór, en Stefnir hafði þá legið í dvala um nokkurra ára skeið. Grímur og félagar gengu þá hús úr húsi til að safna söngmönnum í kórinn og tókst á skömmum tíma að fá yfir 40 söngfélaga. Grímur varð fljótlega formaður kórsins og gegndi því starfi í nokkur ár. Hann varð síðar formaður Kötlu, sambands sunnlenskra karlakóra.

Grímur hefur líka verið öflugur í ýmiss konar félagsstarfi innan Stefnis, m.a. sem félagi í tveim danshljómsveitum á vegum kórsins á sínum tíma, Vitlausa bandinu og Stórsveit Stefnis, enda liðtækur saxófónleikari. Fyrir þessa tryggð við kórinn og óeigingjarnt starf um áratuga skeið var Grímur gerður að heiðursfélaga kórsins fyrir nokkrum árum.



KARLAKÓRINN SYNGUR Í HLÉGARÐI

Lárus Sveinsson, trompetleikari, var ráðinn söngstjóri Stefnis þegar kórinn gekk í endurnýjun lífdaganna 1975. Hann stjórnaði kórnum til 1983 og mótaði starfið í upphafi. Sumum fannst jafnvel að Stefnir væri „kórinn hans Lárusar“ og dætur hans sögðu alltaf „karlarnir hans pabba“ þegar þær töluðu um kórinn á þessum árum.

Árið 1983 tók Helgi R. Einarsson við stjórninni, en hann hafði þá sungið í kórnum í nokkur ár. Í stjórnandatíð Helga spratt sönghópurinn „Einn og átta“ út úr kórnum og gerði garðinn frægan, m.a. í Garðaríki. Lárus kom svo aftur til starfa fyrir kórinn árið 1987 og stjórnaði kórnum til dauðadags.

Síðan hafa þau Atli Guðlaugsson, Gunnar Ben, Julian Hewlett, Árni Heiðar Karlsson, Sigrún Þorgeirsdóttir og Keith Reed stjórnað kórnum. Öll hafa þau stjórnað hvert með sínu móti og haft mismunandi áherslur. Stundum eru hefðbundin karlakórslög efst á baugi, stundum léttari lög og stundum trúarleg tónlist. Þótt oftast sé sungið á íslensku hafa kórmenn ekki vílað fyrir sér að syngja á ensku, Norðurlandamálum, þýsku, latínu og jafnvel fleiri málum. Lagavalið hefur líka mótast nokkuð af því hversu margir söngfélagar eru í kórnum hverju sinni.

Stundum hafa þeir verið um 60 talsins og þá hefur verið hægt að ráðast í stór verk eins og óperukóra og sálumessur.

Auk hefðbundinna vortónleika stendur kórinn oft fyrir tónleikum á öðrum árstímum, svo sem Söngnum í Mosó á haustdögum og Þorratónleikum. Stundum hefur kórinn líka efnt til fjölbreyttara skemmtanahalds, gjarna í samstarfi við aðra kóra.

Kórinn hefur farið í allmargar söngferðir, bæði innanlands og utan, og tók m.a. þátt í kórakeppni í Llangollen í Wales árið 2002. Ein söngferðin varð líka kveikjan að hinni vinsælu kvikmynd Karlakórinn Hekla. Sú mynd er þó ekki að öllu leyti sannsöguleg.

Miðvikudaginn 7. maí verður kórinn með vortónleika í Guðríðarkirkju kl. 20. Ljósbrot, kvennakór KFUK verður gestakór á tónleikunum. Keith Reed stjórnar báðum kórunum.

Á tónleikunum geta hrifnir áheyrendur áreiðanlega skráð sig í kórana, til dæmis með því að hafa samband við einhvern sem þeir þekkja í kórunum. Þeir sem vilja skrá sig strax í Stefni, eða þá eftir tónleikana, geta líka haft samband við Finn Ingimarsson, ritara kórsins: finnuri@gmail.com. Hann er líka á já.is.

Höskuldur Þráinsson

Þarftu aðstoð heima?

sinnum heimaþjónusta

Fyrst kynnumst við þér og þínum þörfum, síðan hönnum við sveigjanlega þjónustuáætlun fyrir þig svo þú fáir heimaþjónustuna sem þú þarft á að halda.

Einstök þjónusta eftir þínum þörfum

- Heimilisaðstoð
- Umönnun
- Félagsskapur
- Útréttingar
- Þrif
- Matarinnkaup
- Undirbúningur máltíða
- Aðhlynning
- Liðveisla
- Lyfjaáminning
- Félagsleg virkjun


Sinnum heimaþjónusta

- Einstök umönnun fyrir aldraða
- Persónuleg og sveigjanleg þjónusta
- Við mætum þörfum og óskum notenda og aðstandenda



sinnum.is sinnum@sinnum.is 519 1400


LOPPUMARKAÐUR
LOPPUMARKAÐUR VERÐUR HALDINN Í KJARNA, ÞVERHOLTI 2, MOSFELLSBÆ.
17. MAÍ. MILLI KL. 11-17.
TAKTU ÞÁTT Í GLEÐINNI OG BÓKAÐU PLÁSS!
ATHUGIÐ AÐ ÞÁTTTAKENDUR ÞURFA AÐ ÚTVEGA BORÐ, STÓLA O.S.FRV.
SKRÁNING Á FACEBOOK VIÐBURÐI SÍÐUNNAR: LOPPUMARKAÐUR MOSFELLSBÆ


BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI


Konukvöld
AFTURELDINGAR
Hlégarði 9. maí 19:30
Forréttahlaðborð
Veislustjóri Birna Rún
Trúbador Maggi Hafdal
Dj Atli Már GDRN
Miðaverð: 11.900 kr
miðasala: midix

Tölum saman



Félag- og húsnæðismálaráðuneytið hefur ýtt úr vör vitundarvakningu um félagslega einangrun. Verkefnið ber heitir **Tölum saman** og með því vill ráðuneytið vekja athygli almennings á því hversu alvarleg einangrun er og hvernig við getum öll verið hluti af lausninni.

Orsakir félagslegrar einangrunar eru fjölþættar. Andlát maka, skilnaður, veikindi, vinslit, atvinnumissir og fleiri áföll geta allt verið orsakir þess að fólk dregur sig inn í skel eða missir tengsl við nærsamfélagið. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint félagslega einangrun sem lýðheilsuvanda til jafns við reykingar, ofneyslu áfengis, offitu og fleiri stórfelldar ógnir við almenna heilsu.

Einmanaleiki er huglæg, óvelkomin tilfinning sem við finnum fyrir þegar við upplifum skort á félagslegum samskiptum. Fólk er í eðli sínu félagsverur og því nauðsynlegt að eiga í félagslegum samskiptum við annað fólk. Einmanaleiki er tilfinning sem getur komið og farið.

Félagsleg einangrun er hins vegar lítil eða engin félagsleg tengsl. Félagsleg einangrun er ekki það sama og félagsleg nægjusemi. Nær allar mannverur hafa þörf fyrir tengsl og einhvers konar nánd. Það að vera „út af fyrir sig“ og að einangrast félagslega er ekki það sama.

Ýmis ráð eru til að rjúfa félagslega einangrun, í tengslum við vitundarvakninguna hafa gagnlegar upplýsingar verið teknar saman á https://island.is/felagsleg-einangrun. Þar er hægt að fá ráðleggingar við spurningum á borð við:

· Hefur þú nýlega upplifað missi, skilnað eða starfslok?

· Hefur þú nýlega lent í félagslegum áföllum eða átökum sem hafa valdið kulnun eða félagskvíða?

· Hefur nágranni þinn eða ættingi í auknum mæli „horfið inn í skelina“?

· Eru vísbendingar í umhverfi sem gefa í skyn minnkandi virkni?

Markmiðið með vitundarvakningunni er að opna augu fólks fyrir félagslegri einangrun í samfélaginu og vekja athygli á samfélagslegri ábyrgð okkar allra. Við getum öll lagst á eitt að láta okkur ekki standa á sama um fólk heldur mæta viðkomandi með vinskap, hlýju og virðingu, tala saman og halda sambandi.

Á síðasta ári, í tengslum við verkefnið Gott að eldast, fengu nokkur sveitarfélög styrk fyrir starfi tengiráðgjafa, en hlutverk þeirra er að draga úr félagslegri einangrun viðkvæmra hópa.

Tengiráðgjafar hafa yfirsýn yfir bjargir nærsamfélagsins, sérstaklega þau úrræði sem eru líkleg til að auka félagsleg samskipti. Tengiráðgjafar nálgast þá sem eru félagslega einangraðir eða í hættu á að einangrast m.a. með heimsóknum og símtölum.

Undirrituð er tengiráðgjafi í Mosfellsbæ og bíður upp á fasta viðtalstíma í Brúarlandi. Boðið er upp á ráðgjöf um farsæla öldrun, upplýsingar um úrræði í nærsamfélaginu, mikilvægi virkni og þátttöku og markmiðssetningu á efri árum.

Einnig er boðið upp á fræðslu og ráðgjöf varðandi áskoranir er fylgja hækkandi aldri, og leiðum til að draga úr einmanaleika og einangrun. Eins ef áhyggjur eru af fólki sem glímir við einangrun er hægt að koma upplýsingum til tengiráðgjafa.

Hægt er að panta tíma með því að senda tölvupóst á gudleifl@mos.is eða hringja í síma 525-6700.

Guðleif B. Leifsdóttir
tengiráðgjafi í Mosfellsbæ

Veldu vímuefnafræðslu



Í þessari viku eru allir 9. bekkingar í Mosfellsbæ að fá vímuefnafræðslu frá Heilsulausnum.

Vímuefnafræðslan heitir VELDU sem vísar í að allir eigi val og að það sé mikilvægt að taka ákvörðun um hvaða stefnu við viljum taka í lífinu.

Markmiðið með fræðslunni er að upplýsa um skaðsemi og ávanabindingu vímuefna. Mikil áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd og gera ungmennin ábyrg fyrir sínu lífi.

Foreldra- og forsjáraðilafræðsla er opin fyrir foreldra barna í 9. bekk til þess að upplýsa foreldra og halda umræðunni gangandi.

Fræðslan fer fram rafrænt og allir fengu hlekk á fræðsluna senda í pósti. Þannig geta foreldrar valið hvenær þau horfa, geta ýtt á pásu, spólað til baka og jafnvel horft aftur innan þessa tímaramma. Hjúkrunarfræðingar verða svo til staðar til að svara öllum spurningum og athugasemdum sem gætu komið upp gegnum tengilinn sjálfan, email eða skilaboð á facebooksíðu Heilsulausna. Fræðslan verður opin til miðnættis föstudagskvöldið 2. maí.

Við treystum á að allir foreldrar/forsjáraðilar nýti sér þessa fræðslu til að vera meðvituð um hvað er í gangi hjá unglingum.

fyrir hönd forvarnarhóps Mosfellsbæjar,
Guðrún Helgadóttir
forstöðumaður Bólsins



Félag aldraðra í Mosfellsbæ - FaMos





Félag aldraðra í Mosfellsbæ stendur fyrir mjög öflugu starfi í þágu eldri borgara hér í bænum.

Mikill hluti starfsins er á vegum fimm nefnda félagsins og einnig er mjög öflugt samstarf við félagsstarfið á vegum bæjarins. Þá á félagið þrjá fulltrúa í öldungaráði sem er skipað samkvæmt lögum og ætlað til að tengja félagsstarf eldri borgara og stjórnsýslu sveitarfélagsins eins og sjá má á heimasíðunni www.mos.is.

Félagar FaMos fá auglýsingar um starf nefndanna senda í tölvupósti en einnig birtist þær á heimasíðu félagsins, www.famos.is.

Félögum hefur fjölgað mjög síðustu ár, en alltaf er rými fyrir fleiri og fyrsta skref til að taka þátt í þessu öfluga starfi gæti verið að gerast félagi. Allir sem eru 60 ára og eldri eiga rétt á inngöngu í FaMos og geta skráð sig á heimasíðu þess.

Um síðustu áramót voru tekin í notkun rafræn félagsskírteini. Það gekk ekki hnökralaust fyrir sig, en félagar eiga þakkir skildar fyrir þolinmæðina. Nú er unnið að því að losna undan byrjunarörðugleikunum, meðal annars með því að kaupa þjónustu fyrirtækja sem kunna á þessu lag.

Enn eru margir sem kjósa að fá útprentuð kort, það er auðsótt mál og þá þurfa félagar að sækja kortin í Brúarland. Það er alltaf gaman að koma í þetta fallega hús sem hýsir núna félagsstarf eldri borgara en var fyrsti barnaskóli bæjarins. Mögulegt er að fá félagsskírteinin send í pósti en þá þarf að biðja um það sérstaklega.

FaMos er með skrifstofu í Brúarlandi og opnunartími þar er á fimmtudögum milli kl. 15–16.

Einnig er hægt að hafa samband í netpósti famos@famos.is og í síma 883 5123 á milli kl. 13–18 á virkum dögum.

Jóhanna B. Magnúsdóttir formaður FaMos
og Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari Famos

Aðalfundur 8. maí

Öflug kirkja í Mosfellsbæ



Í Lágafellssókn er unnið mikið og öflugt safnaðarstarf. Það hefur orðið enn umfangsmeira og fjölbreyttara síðustu ár og helgihald hefur tekið miklum breytingum. Safnaðarstarf hefur aldrei verið öflugra né messusókn betri.

Teknar hafa verið upp margar nýjungar í starfinu bæði varðandi messuform og messutíma og hefur það mælst vel fyrir. Starf með eldri borgurum hefur líka verið öflugt í samstarfi við Mosfellsbæ. Barnastarfið er þá ekki síðra, öflugur sunnudagaskóli og fjölmennur, tvískiptur barnakór. Þá eru ónefndir foreldramorgnarnir og fleira. Í sumar verða svo sumarnámskeið fyrir 6–9 ára börn. Þessi námskeið hafa mælst mjög vel fyrir.

Endurbætur og viðgerð á Mosfellskirkju

Þann 4. apríl sl. voru liðin 60 ár frá vígslu Mosfellskirkju 1965. Kirkjan þótti mjög nútímaleg þegar hún var byggð og form hennar óvenjulegt. Tíminn hefur leikið kirkjuna grátt og fyrir um ári síðan neyddumst við til að hætta með athafnir í henni vegna myglu.

Síðastliðið haust var ákveðið að ráðast í viðgerðir og endurbætur. Vonandi líkur þeim snemma í sumar. Kostnaður vegna þessara endurbóta getur numið allt að 70 milljónum króna. Þegar verkinu verður lokið mun húsið uppfylla ýmsar kröfur s.s. um aðkomu og salernisaðstöðu fyrir alla. Skipt er um gólf í kirkjunni, klæðningu að innan og utan og húsið einangrað upp á nýtt. Markmiðið er að húsið verið notað til fjölmargra athafna á vegum kirkjunnar sem og menningarfélaga í Mosfellsbæ.

Aðalfundur

Þann 8. maí nk. verður haldinn aðalsafnaðarfundur Lágafellssóknar í safnaðarheimili sóknarinnar að Þverholti 3, 3. hæð kl. 20. Fólk er hvatt til að mæta og gefa kost á sér til þeirra góðu starfa sem unnin eru innan kirkjunnar. Framundan eru mörg spennandi verkefni sem munu efla starfsemina enn frekar og það er alltaf pláss fyrir hugmyndaríkt og duglegt fólk!

Fjárhagsleg staða sóknarinnar er góð enda ein fjölmennasta sókn landsins. Það eru því tækifæri til að gera marga góða hluti enn betri!

Aðalfundir safnaða fjalla að mestu um starfsemi og afkomu síðasta árs en ekki er ólíklegt að vendingar í tónlistarmálum á



þessu komi einnig til umræðu á aðalfundinum þann 8. maí. Því miður hætti kirkjukór Lágafellssóknar starfsemi skömmu fyrir fermingar.

Kórfélagar upplifðu að kórinn hefði verið rekinn en það er misskilningur sem virðist langlífur. Það er mjög leiðinlegt að svona hafi farið því margir kórfélagar hafa lagt mikið á sig um áratuga skeið í sjálfboðavinnu fyrir kirkjuna og eru þeim þökkuð óeigingjörn störf. Hins vegar lá fyrir að það yrði að efla tónlistarstarfið og tengja það breyttum áherslum í starfinu en það hefur því miður ekki tekist sem skyldi.

Í kjölfar brotthvarfs kórsins hætti tónlistarstjóri kirkjunnar. Því var gripið til þess ráðs að fá utanaðkomandi tónlistarmenn til að sinna tónlist í fermingarmessum og um páskana. Ekki er að heyra annað en að tónlistarflutningurinn hafi mælst vel fyrir. Í sumar verður væntanlega ráðinn nýr tónlistarstjóri til starfa og hann mun hafa hreint borð til að byggja á öflugt tónlistarstarf. Vitaskuld eru gamlir kórfélagar boðnir velkomnir til þátttöku í því starfi eins og unnt er.

Hið góða starf sem kirkjan vinnur alla daga í sókninni okkar hvarf dálítið í skuggann vegna málefna kirkjukórsins. Mergur málsins er sá að starfið er öflugt og starfsmenn og sjálfboðaliðar, hvort sem er í safnaðarstarfi eða sóknarnefnd leggja mikið og óeigingjarnt starf á sig til þess að gera veg kirkjunnar sem bestan. Vonandi verður tónlistarstarf kirkjunnar næsta haust hluti af þessari uppbyggingu og framþróun og þá með þátttöku einhverra þeirra sem áður voru í kirkjukórnum.

Rafn Jónsson, formaður sóknarnefndar
Lágafellssóknar.



Gleðilegt knattspyrnusumar!

Í huga margra er skemmtilegasti tími ársins þegar knattspyrnusumarið fer af stað og sumarið í ár verður þar engin undantekning.

Árið 2025 er merkilegt ár í sögu meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu því þetta er árið sem þeir keppa í fyrsta skipti í efstu deild, Bestu deildinni.

Keppnin fer líflega af stað en fyrsti sigurinn kom í hús á dögunum þegar stórlið Víkings kom í heimsókn og Afturelding sigraði þá.

Mæting stuðningsmanna á Malbikstöðina hefur verið til fyrirmyndar enda Afturelding þekkt fyrir öflugan stuðning við sitt fólk.

Tímabilið verður ekki síður skemmtilegt hjá meistaraflokki kvenna í Lengjudeild. Þar er frábær og hæfileikaríkur hópur á ferð, bæði leikmenn og flott þjálfarateymi með háleit markmið. Áður en við vitum af munu stelpurnar spila aftur í hópi þeirra bestu eins og þær hafa gert margoft í gegnum árin.

Um næstu helgi fer Lengjudeild kvenna af stað og verður fyrsti leikur á heimavelli á móti KR. Eru allir Mosfellingar hvattir til að mæta á völlinn og styðja vel við stelpurnar.

Þó meistarflokkarnir séu mikilvægar fyrirmyndir má ekki gleyma því að öflugt barna- og unglingastarf er stærstur hluti starfsins.

Iðkendur knattspyrnudeildar Aftureldingar eru um 700 talsins og því verður líf og fjör á hverjum degi hjá deildinni í allt sumar.

Ekki má svo gleyma hversu rík knattspyrnudeildin er af öflugum sjálfboðaliðum sem halda starfinu gangandi. Vegna viðamikillar starfsemi er tekið fagnandi á móti áhugsömum, það er alltaf þörf fyrir fleiri hendur á heimaleikjum og öðrum stærri viðburðum sem deildin stendur fyrir. Eru áhugasamir hvattir til að hafa samband og taka þátt í þessu skemmtilega starfi.

Við viljum nota þetta tækifæri og hvetja alla bæjarbúa til að mæta á völlinn og styðja okkar fólk.

Látum sumarið 2025 vera tímabilið með flestum áhorfendum á öllum leikjum meistaraflokkanna okkar og höldum áfram að vera dugleg að hvetja yngri iðkendurna til dáða.

Sjáumst á Malbikstöðinni að Varmá í sumar!

Stjórn knattspyrnudeildar Aftureldingar

Börnin okkar

Úrræði og stuðningur fyrir börn með ADHD

Þekking á ADHD hefur aukist verulega á undanförnum áratugum og í kjölfarið hefur aðsókn í greiningarferli margfaldast, með þeim afleiðingum að víða hafa myndast langir biðlistar. Ef foreldrum grunar að barn þeirra glími við ADHD er algengt að fyrsta skrefið sé að leita eftir greiningu. Hins vegar sýna rannsóknir að greining ætti ekki endilega að vera fyrsta valkostur, þar sem snemmtæk aðstoð og aðlögun í æsku eru áhrifamestu þættirnir fyrir langtímahorfur (Barkley o.fl., 2006; Sibley o.fl., 2022).

Foreldrar ættu fyrst að leita til skólakerfisins ef grunur vaknar. Samkvæmt lögum um farsæld barna nr. 86/2021 eiga öll börn rétt á stuðningsúrræðum í skóla án þess að formleg greining liggi fyrir (Lög um farsæld barna, nr. 86/2021). Einnig geta foreldrar nýtt sér íhlutanir sem hafa sýnt árangur í rannsóknum, svo sem foreldrafærninámskeið.

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar bauð síðastliðið haust upp á PMTO-foreldrafærninámskeið, þar sem áhersla er lögð á að efla færni foreldra í að styðja við börn með hegðunarerfiðleika, og vonast er til að slíkt námskeið verði reglulega í boði. ADHD samtökin bjóða einnig upp á netnámskeiðið „Kærleikur í kaosi“, auk annarra fræðsluúrræða, og Geðheilsumiðstöð barna heldur reglulega námskeið um uppeldi barna með ADHD, án þess að formleg greining sé skilyrði.

Rannsóknir á meðferð ADHD, þar á meðal MTA-rannsóknin (MTA Study, 2004), sýna að hegðunaríhlutanir og stuðningur foreldra eru að veita góð langtímaáhrif. Þrátt fyrir það eru slíkar íhlutanir enn of lítið nýttar og ekki nægilega aðgengilegar fyrir foreldra. Mikilvægt er að bæta aðgengi að viðeigandi námskeiðum, efla ráðgjöf til foreldra og skóla og tryggja hraðari og skilvirkari leið að greiningu þegar önnur úrræði hafa verið fullreynd.

Laufey Dís Ragnarsdóttir
Sálfræðingur



Íslenskar værðarvoðir og púðaver frá Ístex

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

FHS
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com



SteinTeppi.is
Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki
Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Jákvæð afkoma hjá Mosfellsbæ á síðasta ári






Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2024 hefur verið birtur.

Niðurstaðan er vel ásættanleg í krefjandi rekstrarumhverfi. Rekstur ársins skilaði um 877 milljóna afgangi og aðrar lykiltölur eins og veltufé frá rekstri og skuldahlutfall eru innan viðmiða. Heildartekjur Mosfellsbæjar námu um 22 milljörðum á síðasta ári, laun og launatengd gjöld tæpum 11 milljörðum og annar rekstrarkostnaður rúmum 8 milljörðum. Uppgjörið var í góðu samræmi við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið fyrir tímabilið.

Hvaðan koma tekjurnar?

Tekjur bæjarins jukust um tvo milljarða milli ára en þar munar mestu um útsvarið (sem hækkar með almennum launahækkunum og íbúafjölgun) og framlög úr jöfnunarsjóði sem námu tæpum 4 milljörðum eða um 23% af skatttekjum. Sá tekjupóstur sem fær oft mikla athygli við fjárhagsáætlunargerð eru fasteignaskattar. Það er áhugavert að staldra við þá staðreynd að fasteignaskattur á síðasta ári skilaði sveitarfélaginu tæplega 1.5 ma.kr. í tekjur sem eru tæp 9% af skatttekjum. Ekki stór – en mikilvægur hluti af tekjustofnum sveitarfélaga.

Flestir sem tjá sig um fasteignaskatta eru almennt sammála því að það sé ósanngjarnt hvernig þeir eru reiknaðir. Að fólk sem á sitt húsnæði og er ekkert á því að fara að selja þurfi að borga hærri skatt af því að nágranninn seldi sína fasteign á hærra verði en sá sem seldi árið áður. Ekkert sérstaklega sanngjarnt kannski en þetta er kerfið sem við búum við. Núverandi meirihluti bæjarstjórnar hefur, líkt og sá sem fór á undan, aðlagað skattprósentuna þannig að hún haldi í við verðlagsþróun en ekki látið þær fasteignahækkanir sem fasteignaeigendur í Mosfellsbæ hafa „notið“ skila sér að fullu í auknum skatttekjum. Það er ágæt leið en betra væri að ríkisvaldið skoðaði leiðir til að bæta tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti.

Hvað erum við svo að borga fyrir?

Á gjaldahliðinni eru í raun litlar breytingar hlutfallslega á milli ára. Til fræðslumála fara sem fyrr rúmlega helmingur skatttekna Mosfellsbæjar eða um 53%. Samtals fara til fræðslu-, velferðar- og íþrótta- og tómstundamála um 85% af skatttekjum. Það gefur því auga leið að ekki er mikill afgangur til að verja til annarra málaflokka. En þá eru ótalin verkefni vegna skipulagsmála, menningarmála, stjórnsýslu o.fl.

Það sem er áhugavert í þessum ársreikningi er hátt fjárfestingarstig. Alls var fjárfest fyrir um 3.3 milljarða króna á síðasta ári. Þar af fóru rúmir 2 milljarðar í skólabyggingar (leik- og grunn). Stærsta einstaka fjárfestingin er bygging á nýjum leikskóla í Helgafellslandi og íþróttahús við Helgafellsskóla. Endurbætur við Kvíslarskóla voru kláraðar og í endurbætur við eldra skólahúsnæði eins og leikskólann Reykjakot og Varmárskóla fóru um 400 milljónir. Þá var 343 milljónum varið til uppbyggingar íþrótta- og tómstundamannvirkja á síðasta ári. Hátt fjárfestingarstig fylgir sveitarfélagi í vexti. Svo hefur verið um nokkra hríð í Mosfellsbæ og verður áfram.

Það er nauðsynlegt að stöðugt sé verið að gæta að heilbrigði og sjálfbærni í rekstri Mosfellsbæjar. Það er svo sannarlega markmiðið áfram á sama tíma og við byggjum upp innviði og veitum framúrskarandi nærþjónustu til íbúa sveitarfélagsins.

Halla Karen Kristjánsdóttir
Aldís Stefánsdóttir
Sævar Birgisson
Örvar Jóhannsson
bæjarfulltrúar Framsóknar í Mosfellsbæ

Um safnaðarstarf



Hvað skyldi það vera sem dregur fólk til kirkjusóknar og til þátttöku í starfi safnaðar?

Sjálfsagt er margt svarið við því. Trúrækni vafalítið meginástæðan en þarf þó ekki endilega að vera. A.m.k. get ég ekki hælt mér af því að svo hafi verið um mig. Ég hóf að fylgja eiginkonu minni til kirkju þegar við fluttum hingað fyrir meira en fjörtíu árum.

Að sækja kirkjulegar athafnir er á vissan hátt hvíld frá daglegu amstri. Ámóta og margt sem nú er kynnt til þess að hvíla hugann og öðlast innri ró. Að koma til kirkju stendur okkur öllum fyrirhafnarlítið til boða, að jafnaði vikulega og oftar um hátíðar.

Ekki hefur mér síst reynst tónlistin hluti af hvíldinni. Tónlistin sem um aldir hefur orðið til á vegum kirkjunnar til dýpkunar guðsþjónustunnar og hefur óvíða verið fegurri samin.

Sú staðreynd virðist um margt vera orðin gleymd að meðal allra þjóða hafa orðið til trúarbrögð, er mótað hafa siði og venjur sem eru mikill grunnur þjóðlífs og siðmenningar. Ekki geng ég þess dulinn að ég ber virðingu fyrir siðum okkar Íslendinga sem kirkjan hefur mótað. Fólki er almennt mikilvægt að leita til kirkjunnar um skírn, fermingu, hjónavígslur og ekki síst útfarir. Það fyrst talda eru gleðistundir og hjónavígsla er elskendum ógleymnanleg. Hið síðast talda er þeim nánustu afar mikilvæg stund í sorg sinni. Þessir siðir, sem kirkjan svo vel varðveitir og við leitum til á gleði- og sorgarstundum, eru ekki aðeins mér og þeim sem taka þátt í safnaðarstarfi mikilvægir. Þeir eru að vissu leyti grundvöllur sem við byggjum á eins og allar þjóðir enda þótt sinn sé siðurinn í landi hverju.

Fjölbreytni má vera hin æskilegasta í kirkjulegu starfi svo lengi sem haldið er við siðum er vel hafa reynst. Að hlaupa eftir tíðaranda einnar kynslóðar getur leitt athafnir frá meginefni því er hverjum manni má vera undirstaða til vellíðanar og festu í lífinu. Allar tískusveiflur líða undir lok og þykja gjarna hjákátlegar þegar frá líður.

Það kom fram hér í síðasta eintaki þessa ágæta blaðs, Mosfellings, að vissulega getur mannfólkið misstigið sig í safnaðarstarfi sem og í öðru mannlegu starfi.

Meginatriðið er að draga fólk ekki í dilka hvernig svo sem það er af guði gert, heldur virða alla að jöfnu. Að gefa sem flestum kost á að njóta safnaðarstarfs og styðja við safnaðarbörn til þess.

Áframhald lífsins byggist á voninni um að „bráðum komi betri tíð með blóm í haga“. Með það að leiðarljósi og að allir menn, lærðir sem leikir, leitist við að bæta sig, afsaka og fyrirgefa mistök ef orðið hafa, vil ég hvetja fólk til þess að íhuga með sér að leita í ríkari mæli að friðarstundum í samfélagi kirkju sinnar.

Að endingu er ekki úr vegi að ýta við sem flestum til þess að mæta á aðalsafnaðarfund kirkjunnar, sem verður þann 8. maí n.k. kl. 20 í safnaðarheimilinu.

Aðalsafnaðarfundur er öllum opinn en þar er kosið í sóknarnefnd og markar fundurinn á vissan hátt línur í starfi næsta árs.

Safnaðarheimilið er að Þverholti 3, gengið inn á austugafli hússins sem snýr að þar sem nú er veitingastaðurinn Bankinn en var áður útibú Arionbanka. Lyfta er upp í salinn á þriðju hæð.

Már Karlsson

Karlakórinn Stefnir

Vortónleikar 2025

Gestakór: Ljósbrot
kvennakór
KFUK



Syngjum okkur inn í vorið!

Miðar við innganginn kr. 4.000
Guðríðarkirkju miðvikudaginn 7. maí kl. 20

Stjórnandi beggja kóra Keith Reed

KFUK
KFUM

ÁSKORUN BÓLSINS

HRÓS MÁNUÐUR

Notum maí mánuð til að hrósa hvort öðru og förum með jákvætt hugarfar inní sumarið. Notum post-it miða, skrifum jákvæð skilaboð til unglinga og foreldra og notum samfélagsmiðla á uppbyggjandi hátt.

instagram.com/bolid270

Bolid

HEILSUMOLAR GAUA




AF HVERJU ER EKKI ALLIR Í BERFÆTTASKÓM?

Berfættaskór (barefoot shoes) leyfa fótunum að hreyfast á náttúrulegan hátt. Þeir eru með þunna og sveigjanlega sóla, breiðan tákassa og enga hælshækkun. Ég er búinn að ganga í svona skóm í næstum tuttugu ár. Fyrst átti ég eitt par sem ég notaði nokkrum sinnum í viku, síðan hætti ég smám saman að nota „hefðbundna“ skó og í dag á ég nánast bara berfættaskó (er þetta ekki ágætis þýðing?).

Í dag eru fæturnir á mér í miklu betra standi en þegar ég var tvítugur. Innleggin eru löngu horfin og beinhimnubólgan sömuleiðis. Hvað segja rannsóknir? Af hverju ættu bæði börn og fullorðnir að ganga í berfættaskóm?

Í fyrsta lagi styrkja þeir innri vöðva fóta, sem stuðla að betri sveigju og draga úr hættu á algengum fótameiðslum eins og hælspennu. Sterkir fótvöðvar eru grundvöllur heilbrigðrar líkamsstöðu og góðrar hreyfigetu. Í öðru lagi stuðla þeir að auknu jafnvægi og líkamsvitund. Með betri snertingu við jörðina fá bæði börn og fullorðnir aukna stjórn á hreyfingum sínum. Þriðji helsti ávinningurinn er varðveisla (eða eins og í mínu tilviki, bæting) á náttúrulegu formi fóta. Skór með breiðum tákassa hjálpa til við að forðast aflögun eins og stóra táarbeygju og stuðla að eðlilegri sveigju, sérstaklega á mikilvægu þroskaskeiði barna. Fjórða atriðið er bætt göngulag og minna álag á liði. Með því að örva eðlilegt skrefamynstur, þar sem mið- eða framfótur lendir fyrst, minnkar höggálag á hné og mjaðmir, sem getur komið í veg fyrir álagsmeiðsli til lengri tíma.


Að lokum styðja berfættaskór við betri líkamsstöðu með því að halda hæl og tá í sömu hæð. Þetta getur dregið úr bakverkjum og stuðlað að betri heildarstöðugleika í líkamanum. Samantekið má segja að berfættaskór styðji við náttúrulega hreyfingu, efli styrk og minnki líkur á meiðslum – allt frá barnæsku fram á fullorðinsár. Sjáumst á röltinu!



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

SJÁLFSTÆÐISFÉLAG MOSFELLINGA

VIÐBURÐIR Í MAÍ







Mánudagur 5. maí kl. 20
Uppgjör við pólitíkan í vetur.
Bryndís Haraldsdóttir þingmaður og Ásgeir Sveinsson oddviti sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fara yfir viðburðaríkan vetur.

Miðvikudagur 21. maí kl. 20
Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs kemur í heimsókn og segir okkur frá áskorunum sem hún stóð frammi fyrir þegar hún tók við sem bæjarstjóri.

Öll velkomin

Sjálfstæðisfélag Mosfellinga



Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma **695 5520** eða með tölvupósti **jon@miklaborg.is** eða við **Óskar** í síma **691 2312** eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar


Stöðuuppfærslur in your face



Egill Sveinbjörn Egilsson
Setti málsháttinn í AI til að ath hvort AI hefði einhvern skilning á þessu! AI svarar: Setningin „Ekki eru allir vinir sem í eyrun hlæja“ er íslenskt máltæki sem þýðir að maður ætti ekki alltaf að treysta þeim sem virðast vingjarnlegir eða hlæja með manni. Þetta varar við því að ekki allir sem sýna vinsemd út á við séu sannir vinir. Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir því hvað liggur að baki orðanna og gjörðunum annarra. Þessu getur enginn svarað betur, AI er greinilega ekki bóla :)
Gleðilega páska!
20. apríl



Gunnar Hilmar Kristinsson
Vá þvílík frammistaða allir sem einn þetta kallar maður liðsheild og að skilja allt eftir á vellinum deyja fyrir klúbbinn! Til hamingju Afturelding og allur Mosfellsbær þetta er risastórt og nú er bara að byggja ofan á þetta <3 Stoltur Mosfellingur hér!
24. apríl



Þórunn Ósk Þórarinsdóttir
Taktík- Í hverju hlaupi þá vel ég mér einhvern miðaldra mann sem sem ég ætla nota sem héra :) Valið er handahófskennt en hann er alltaf sætur :) Alltaf kemur í ljós að hann er of sprækur og ekki alveg jafn miðaldra og ég… þá skipti ég um héra og spotta svona rólegan bangsa dúlluhlaupara og ætla að koma með honum í mark :)en þegar kemur að endasprettinum þá er minn maður búinn að vera „spara” sig og ætlar að toppa sig… svo ég kem ein í mark…
Þetta er alveg eins þegar ég fer út að leita að kærasta
Gleðilegt sumar elsku vinir mínir :)
24. apríl

facebook

MALBIKSTÖÐIN

Fébætur
Innheimta slysa- og skaðabóta

GIRÐIR
ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS
SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM
TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ
Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYRST HEFUR...

...að Steindi Jr. og Dóri DNA séu að leggja lokahönd á nýtt Mosó stemnings lag.

...að átta manns hafi sótt um stöðu skólastjóra í Kvíslarskóla.

...að talsverður sinubruni hafi orðið við Þingvallaveg á dögunum.

..að Vorboðar séu að standa fyrir kóramóti eldri borgara nú í byrjun maí.

...að Hilmar Stef og Oddný Blöndal hafi eignast stúlku á dögunum.

...að Valdimar Leó sé að bjóða sig fram til forseta ÍSÍ.

...að fuglaskoðunarhúsið við Leiruvog hafi verið eyðilagt á dögunum.

...að hárgreiðslustofan Pílus eigi 40 ára afmæli í dag.

...að Gunna Stína hafi fengið rússneska kosningu sem formaður blakdeildarinnar í 25. skipti.

...að Fálkarnir séu á leið til Grimsby að sjá síðasta leik tímabilsins.

...að áhorfendamet hafi verið slegið að Varmá þegar Afturelding sigraði Víking í Bestu deildinni en 984 mættu á völlinn.

...að tvær úr Úunum festust í lyftu á Lionsþingi í Ólafsvík.

...að búið sé að opna golfvellina í Mosó, bæði Hlíðavöll og Bakkakot.

...að Einsi Gunn sé orðinn fertugur.

...að Aron Jó og Hildur hafi eignast stúlku um páskana.

...að tvær mosfellskar stelpur séu í hljómsveitinni Geðbrigði sem sigraði Músíktilraunir í ár.

...að Mosfellskirkja sé orðin 60 ára og fagnað verði vígsluafmælinu þegar framkvæmdum lýkur á kirkjunni.

...að Afturelding tryggði sér oddaleik í handboltanum sem fram fer gegn Val á Hlíðarenda á föstudagskvöldið.

...að GDRN sé búin að boða komu sína á Konukvöld Aftureldingar í Hlégarði þann 9. maí.

...að blakkonan Thelma Dögg sé nýráðin íþróttafulltrúi hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

...að Berglind Robertson hafi verið ráðin leikskólastjóri Sumarhúsa.

...að 40 ára aldurstakmark hafi verið á vel heppnað Dansiball í Hlégarði í gærkvöldi.

...að fimmtudaginn 8. maí verði haldið upp á 50 ára afmæli Kvíslarskóla, áður Gaggó Mos.

...að ár sé til næstu sveitarsjórnarkosninga.

...að handboltastelpurnar séu í harðri baráttu um sæti í Olísdeildinni og eigi heimaleik á föstudaginn gegn Stjörnunni.

...að Mosfellingurinn og Viðreisnarmaðurinn Valdimar Birgisson hafi tekið sæti á Alþingi á dögunum.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Áróra Lúna Valgeirsdóttir fæddist á Landspítalanum þann 18. apríl. Áróra Lúna var 51,5 cm og 3.705 kg. Foreldrar hennar eru þau Birta Jónsdóttir og Valgeir Árni Svansson, stóra systir Áróru Lúnu er Helena Sól.



Brimir Már Atlason fæddist á Akranesi 9. desember 2024. Eva Dís Sigurðardóttir og Atli Már Báruson eru foreldrar Brimis Más og er hann þeirra fyrsta barn.

JAKO
SPORT ÍSLANDI
AFTURELDINGARVÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR
JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Í eldhúsinu

HJÁ SIGURLAUGU

Kjúklingapottréttur

Sigurlaug Lilja Jónasdóttir deilir hér með okkur uppskrift af kjúklingapottrétti með sólþurrkuðum tómötum sem hún fann á netinu fyrir löngu en hefur aðlagað og breytt heilmikið í gegnum tíðina. Henni finnst mikilvægt að hafa matinn einfaldan og þægilegan, en að auki er hann afar bragðgóður og næringaríkur, án þess þó að vera vaðandi í kaloríum.



Hráefni:
- 600 gr kjúklingalundir
- 1 krukka sólþurrkaðir tómatar
- 2 rauðar paprikur
- 1 rauðlaukur
- ½ blaðlaukur
- ½ haus af spergilkáli (eða ca 200-300 gr frosið spergilkál)
- 4 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 1-2 dollur af sýrðum rjóma (ég nota 10%)
- salt og svartur pipar
- Kjúklingakrydd
- Kjúklingakraftur eftir smekk

Aðferð:
Fyrst er allt grænmetið skorið niður frekar smátt. Ef notað er frosið spergilkál er gott að vera búinn að afþýða það fyrst. Góð sletta af olíunni af sólþurrkuðu tómötunum er sett í stóran pott og hituð. Hvítlaukurinn og rauðlaukurinn eru síðan steikt þar upp úr og restinni af grænmetinu svo bætt út í og aðeins lækkað undir. Mér finnst best að skera sólþurrkuðu tómatana líka frekar smátt og þeir fara svo með öðru grænmeti í pottinn. Á meðan það mallar er kjúklinginn skorinn niður í hæfilega munnbita og steiktur á pönnu upp úr olíunni af sólþurrkuðu tómötunum og svo kryddað með salti, pipar og kjúklingakryddi. Þegar búið er að brúna kjúklinginn er hann settur út í með grænmetinu. Þá er sýrða rjómanum bætt út í og látið malla. Gott er að bæta út í einum tening af kjúklingakrafti og einnig má bæta út í salti og pipar eftir smekk. Ágætt er að byrja á einni dollu af sýrða rjómanum, ef rétturinn er of þykkur er hægt að bæta við seinni dollunni til að fá meiri sósu. Sjálfri finnst mér best að hafa mikla sósu og bera fram með hrísgrjónum og salati.

Verði ykkur að góðu

MENNING Í MIÐBÆINN

Við, sem ungmennum í Mosfellsbæ, finnst vanta ákveðna menningu í miðbæ Mosfellsbæjar.

Nú stendur Mosfellsbær að verkefni sem heitir Vellíðan barna, þar sem stefnt er að því að verja 20 milljónum króna í að bæta aðstöðu og umhverfi í bænum. Við leggjum til að bæta miðbæ Mosfellsbæjar.

Að okkar mati vantar skýrt afmarkaðan miðbæ þar sem væri að finna kaffihús og veitingastaði þar sem er hægt væri að sitja bæði inni og úti. Slíkur staður myndi efla mannlífið í Mosfellsbæ og samveru í bænum. Það væri gaman að fá rúmgott torg þar sem fjölskyldur og vinir geta sest niður á sólríkum dögum.

Við viljum að menningin og mannlífið í Mosfellsbæ batni og fólkið komi betur saman. Á torginu þyrfti einnig að vera aðstaða fyrir börn t.d. leikvöllur. Við viljum að menning og mannlíf í Mosfellsbæ fái aukið vægi, og að miðbærinn verði lifandi og aðlaðandi fyrir fólk á öllum aldri.


Torgið ætti að vera gróið og hlýlegt, með trjám, blómum og bekkjum. Þar ætti jafnframt að vera hægt að halda viðburði og hátíðir, til dæmis sumarhátíðir eða skemmtanir á 17. júní.

Mosfellsbær gæti tekið mið af því sem gert hefur verið á Selfossi, þar sem fallegur og lifandi miðbær hefur risið á skömmum tíma.

Þar hefur verið lögð áhersla á fallegar byggingar, veitingastaði, verslanir og skemmtilegt umhverfi á litlu svæði — eitthvað sem Mosfellsbær gæti einnig nýtt sér til fyrirmyndar.

Fyrir framtíðarmarkmið Mosfellsbæjar væri gaman að byggja mathöll. Gera virkan kjarna sem að nýtist fólki til samveru og skemmtunar.

Þar væri hægt að gera góða aðstöðu fyrir ungmenni til þess að þau hafi stað til að koma saman á eftir skóla.



LAUFEY ÓSK OG HEKLA MAREY


MOSFELLSBAKARÍ
LJÚFFENGAR KÖKUR Í MOSFELLSBAKARÍI
HÁHOLT 13-15 HÁALEITISBRAUT 58-60 MOSFELLSBAKARI.IS




NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT

5. JÚNÍ

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR

Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MG LÖGMENN

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

BERG FASTEIGNASALA

VILTU SELJA?

588 55 30

WWW.BERG.IS

Líkami og sál

Fótaaðgerðastofa

Þverholt 11

sími : 566-6307

www.likamiogsal.is

Gjafakortin okkar er hægt að kaupa á netinu og fá sent í tölvupósti um hæl

Gjöf sem gleður alla



ökukennsla HREIÐARS 8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar

Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd

HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

BJ VERK ehf.

Björn s: 892-3042



Bílapartar ehf

Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is


GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar

GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



www.arioddsson.is

ARI ODDSSON EHF

BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI


Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is

Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

MALBIKSTÖÐIN

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í sumar?



ERNA ÞÓREY:
Vinna og tana.



ALEXÍA ÝR:
Út að leika.




SIGURRÓS:
Tana.



EMILÍA:
Lifa og njóta.



ÍSAK:
Fara í Vinnuskólann.



HJÖRTUR:
Fara til útlanda og hafa það gott.

Fylgdu okkur á Instagram...





Fyrsti kossinn


Árgangameistararnir


HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is


Lögfræðingurinn og píparinn


Allez, Allez, Allez


Á refaveiðum


Útskriftarhátíð


Hver er sá besti?...


Can't Walk Away




Gengin í hnappheldurnar

BOBBY





BERGRÚN FÖNN ALEXANDERSDÓTTIR (16)
ÍSLANDSMEISTARI Í UNGLINGAFLOKKI KVENNA Í SNOCROSSI

TVÍFARAR


Frímann


Edgar úr MIB

Hárstofan Sprey
Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677
Mosfellsbæ og Garðabæ.



Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið.

Hjólbarðaþjónusta

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Flugvellir Reykjanesbæ	440 1382
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433



Cooper Zeon 4XS Sport

- Henta undir jeppann þinn
- Mjúk og hljóðlát í akstri
- Veita afburða aksturseiginleika og gott grip á þurrum og blautum vegi



Cooper Zeon CS8

- Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd
- Einstaklega orkusparandi
- Hljóðlát með góða vatnslosun



Cooper AT3 Sport 2

- Frábær alhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum
- Hljóðlát og mjúk í akstri

COOPER TIRES

N1

ÖLL ALMENN MÚRVINNA


- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI

HÚSRÁÐ VERKTAKAR

✆ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



Fisk~búðin Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Hringdu



LEIKIÐ TIL ÞRAUTAR

Afturelding sigraði Val á þriðjudag fjórða leik liðanna í undanúrslitum Íslandsmóts karla í handknattleik. Það verður því oddaleikur á Hlíðarenda á föstudaginn um hvort liðið mætir Fram í úrslitarimmu. Á myndinni eru þeir Blær Hinriks, Árni Bragi og Stefán Magni sigurreifir að leik loknum.

Mynd/Hilmar

Sæktu Landsbanka-appið

App Store Google Play

MÚLALUNDUR

Ritfangaverslun í Mosfellsbæ!

Verið velkomin í verslun Múlalundar við Reykjalund

www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur fasteignasali
898-9791

Þjónusta við Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð
897 0047

BERG FASTEIGNASALA

Klapparhlíð 9



Vel staðsett 68 fm. 3ja. herb. íbúð á 3ju. hæð í góðu fjölbýli. 2 svefnherbergi. Góð eldhústæki og innréttingar. Næg bílastæði. Örstutt í sund og íþróttahús. Golfvöllur í næsta nágrenni.
Verð: 70,5 m.

Blesabakki 3



Blesabakki 3. Vel staðsett 56 fm. hesthús við Blesabakka með stíum fyrir 8 hesta. Sér gerði. Mikið endurnýjað hús, kaffistofa og hnakkageymsla. Góð aðkoma. Húsið er í neðstu götu hesthúshverfisins.
Verð: 21,9 m.

Skipholt 7



192 fm. verslunarhúsnæði með vörur tengdar raf- og tækniiðnaði. Verslunin Íhlutir ehf. sem hefur verið starfrækt í húsnæðinu síðan 1997. Fyrirtækið er vel þekkt á markaðnum. Hefur veitt trausta og góða þjónustu um langa hríð.
Verð: 188 m.

Reykir Axelshús



Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum í Hveragerði. Flottar innréttingar og frábær staðsetning. Húsið stendur á stórri lóð með miklu útsýni. 360 fm. hús með mikla möguleika.
Verð. 269 m.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-17 • SÍMI 897-0047 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989